



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. desember 2006 – 331. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

SUNNUGAGUR

Maðurinn andspænis stóru öflunum

Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur ræðir nýja bók sína um færeyska málarrann Mikines.

MENNING 82



Styttist í stórmyndir

Jólamyndirnar í íslenskum kvik-myndahúsum verða Flags of Our Fathers og Eragon.

KVIKMYNDIR 60



Að skynja erindið

„Fyrir þingmenn Samfylkingarinnar hlýtur að vera erfitt að kyngja því að formaðurinn skuli varpa ábyrgðinni yfir á þingmannahópið með þeim hætti sem hún gerir,“ segir Illugi Gunnarsson.

Í DAG 12


Örn tvíbætti Íslandsmetið

Örn Arnarson tvíbætti Íslandsmet sitt í 100 metra fjórundi á HM í Finnlandi í gær.

ÍPRÓTTIR 62



VEÐRIÐ Í DAG



LÉTTIR TIL AUSTAN TIL - í dag verða suðlægar áttir, 5-10 m/s. Skúrir sunnan og vestan til en stytta upp og rofar til á Norðaustur- og Austurlandi þegar kemur fram á daginn. Hiti 0-7 stig, mildast syðst.

Kostnaður vegna ótryggðra sjúklunga um 188 milljónir

Vandamál vegna ósjúkratryggðra erlendra launamanna fara vaxandi innan Landspítalans. Spítalanum er skylt að veita neyðarþjónustu. Um 2.200 ósjúkratryggðir einstaklingar leituðu til spítalans í fyrra.

HEILBRIGÐISMÁL Brotalóm er á því að tryggingaskyldu erlendra starfsmanna sem koma hingað til lands sé fullnægt og að þetta fólk hafi sjúkratryggingar í lagi. Landspítala-háskólasjúkrahúsi, LSH, er skylt að tryggja öllum sem hingað koma neyðaradstoð en ekki er ljóst hvað nákvæmlega felst í því.

Kostnaður LSH vegna rúmlega tvö þúsund og tvö hundruð ósjúkratryggðra einstaklinga nam tæpum 188 milljónum króna í fyrra, að sögn Sigrúnar Guðjónsdóttur deildarstjóra. Þetta gerir rúmlega 84 þúsund krónur að með-

altali á hvern einstakling. Koma á slysadeild er ódýrust og kostar 23 þúsund krónur. Dýrasta þjónustan nemur þrjátíu milljónum króna. Inni í þeirri upphæð er löng lega á gjörgæsludeild og jafnvel endurhæfing. Sigrún segir að reikningar séu alltaf gefnir út og innheimta gangi sæmilega.

Jóhannes Pálmason, yfirlögfræðingur hjá LSH, segir þörf á því að ræða stöðu ósjúkratryggðra á Íslandi því að þetta sé vaxandi vandamál, sérstaklega þegar ósjúkratryggðir útlendingar frá nýju aðildarríkjum ESB komi til starfa hér, því tryggingakerfið í

löndum þeirra sé stundum lítt þroskað. Ríkið hafi gríðarlega mikil útgjöld af ákveðnum einstaklingum, jafnvel upp á tugi milljóna króna, og ekki sé sjálfgefið að þessar upphæðir fái greiddar.

Jóhannes segir að Íslendingum sé skylt að veita neyðarþjónustu, jafnvel þó að einstaklingurinn sé ekki tryggtur og ekki borgunarmaður fyrir reikningnum. Ekki sé sjálfgefið að kostnaðurinn fái greiddur og þá lendi kostnaðurinn á LSH eða íslenskum skattgreiðendum.

Jóhannes segir að margir

vinnuveitendur standi sig vel í að ganga eftir því að sjúkratryggingar erlendra launamanna séu í lagi, sérstaklega stóru verktakafyrirtækin, en nokkur brotalóm sé hjá smærri verktakafyrirtækjum. Nokkur dæmi þess hafa komið upp.

Jóhannes telur að Útlendingastofnun og Vinnuálastofnun þurfi að sjá til þess að vinnuveitendur gangi úr skugga um að erlendir launamenn hafi tryggingaskírteini í lagi. Hann telur líka æskilegt að skilgreina hvaða þjónustu íslenska ríkinu sé skylt að veita.

- ghs



JÓLAÞORPIÐ Í HAFNARFIRÐI Gleði og eftirvænting skein úr litlum andlitum í fjörunu á Thorsplani í Hafnarfirði í gær. Grýla og Gluggagægir og söngkonan Bríet Sunna voru meðal þeirra sem stytta börnunum stundir í Jóláþorpinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Friðarverðlaunahafi Nóbels: Fátækt er ógn við heimsfrið

NOREGUR, AP Muhammad Yunus, hagfræðingur frá Bangladesh, þiggur Friðarverðlaun Nóbels í dag við hátíðlega athöfn í Ósló. Yunus er stofnandi Gram-een-bankans sem hjálpar fólki úr fátækt með lánveitingum.



MUHAMMED YUNUS

Bankinn veitir lán á betri kjörum en hefðbundnir bankar og krefst ekki ábyrgðarmanna eða veðs. Fólk er jafnframt treyst til endurgreiðslu og skilar peningurinn sér til baka í 98 prósentum tilvika. Fátækt fólk getur fjármagnað atvinnustarfsemi á þennan hátt.

„Fátækt er ógn við friðinn,“ sagði Yunus á blaðamannafundi í gær. „Það eru skilaboð fyrir allan heiminn.“

- sgi

Lokauppgjör ríkisins og þjóðkirkjunnar um prestssetursjarðir lagt fyrir Alþingi: Kirkjan gefur ríkinu eftir Þingvelli

STJÓRNMÁL Samkomulag um lokauppgjör ríkis og kirkju vegna prestssetra og kirkjujarða gerir ráð fyrir að ríkið verði eigandi Þingvallajarðarinnar.

Samkomulagið verður rætt á Alþingi eftir áramót. Frumvarp þess efnis er lagt fram af Birni Bjarnasyni dóms- og kirkjumálaráðherra.

Að sögn Höskuldar Sveinssonar, framkvæmdastjóra prestssetrasjóðs, fær kirkjan nú til eignar 85 prestssetur, þar af eru 42 á kirkjujörðum en hin eru í byggð. Þjóðkirkjunni verður nú frjálst að selja þessi prestssetur eftir þörfum.

Ríkið fær hins vegar ýmiss konar hjáleigur sem voru hluti prestssetranna þegar samningur



Á ÞINGVÖLLUM Áralangur ágreiningur um eignarhald á Þingvöllum er úr sögunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

um launagreiðslur til presta var gerður árið 1907 en eru það ekki lengur.

Athygli vekur að gömul deila um eignarhald á Þingvallajörðinni er til lykta leidd.


„Það var ágreiningur um Þingvelli en með þessu samkomulagi fær ríkið viðurkenndan eignarrétt sinn,“ segir Höskuldur og útskýrir að árið 1994 þegar prestssetursjóður hafi tekið til starfa hafi Þingvellir verið prestssetur. Fram til þessa hefur þjóðkirkjan haldið fram eignarrétti sínum á staðnum en hefur nú gefið hann eftir að kröfu ríkisins. Ríkið eignast einnig Þingvallakirkju. „Á móti mun ríkið annast búnað og viðhald kirkjunnar og sjá presti fyrir aðstöðu á staðnum í tengslum við kirkjulegar athafnir,“ segir Höskuldur.

Árlegt viðbótarframlag ríkissjóðs til þjóðkirkjunnar vegna samkomulagsins er áætlað 35 milljónir króna.

- gar

LESTUR MEÐAL 12-49 ÁRA höfuðborgarsvæðið

Fréttablaðið styrkir stöðu sína



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í september 2006.

PÓSTURINN
allur pakkinn


12.12.

Síðasti öruggi skiladagur
á jólapökkum
til Evrópu!

www.postur.is

Heimurinn verður sífelmt minni

Og rúmast nú allur í einni fartölvu



Intel® Centrino® Duo Mobile Technology



Dell™ Latitude™ D520 sameinar kosti öflugrar borðtölvu og handhægrar fartölvu með Intel® Centrino® Duo Mobile Technology.

Frábær kaup fyrir vinnuna, námið, heimilið eða ferðalagið. Hjóð og mynd eru í hæsta gæðaflokki og ný kynslóð þráðlausa Wi-Fi netsins kemur þér í samband hvar og hvenær sem er.

Með þessa fartölvu við höndina ert þú á fullu allan tímann.

Dell™ Latitude™ D520 1,66GHz

Intel® Centrino® Duo Mobile Technology
Intel® Core™ Duo örgjörvi T2300
(2MB L2 Cache, 1,66GHz/667MHz)

Intel 3945 þráðlaust netkort 802,11 a/g

Microsoft™ Windows® XP Professional

60GB 5.400rpm SATA harður diskur

DVD+/-RW geisladríf

15,0" XGA skjár (1024x768)

Þyngd frá 2,6 kg (með 6 Cell rafhlöðu og DVD/CD-RW)

35,8 x 338,3 x 273 mm (H x B x D)

3.ja ára ábyrgð á verkstæði EJS

Tilboðsverð:

139.900 kr.

Dell™ Latitude™ D520 1,83GHz

Intel® Centrino® Duo Mobile Technology
Intel® Core™ Duo örgjörvi T2400
(2MB L2 Cache, 1,83GHz/667MHz)

Intel 3945 þráðlaust netkort 802,11 a/g

Microsoft™ Windows® XP Professional

80GB 5.400rpm SATA harður diskur

DVD+/-RW geisladríf

15,0" SXGA+ skjár (1400 x 1050)

Þyngd frá 2,6 kg (með 6 Cell rafhlöðu og DVD/CD-RW)

35,8 x 338,3 x 273 mm (H x B x D)

3.ja ára ábyrgð á verkstæði EJS

Tilboðsverð:

159.900 kr.

EJS er umboðsaðili Dell á Íslandi. Komdu til okkar á Grensásveg 10, Reykjavík eða Tryggvabraut 10 á Akureyri og við finnum réttu lausnina fyrir þig.



©2006 Dell Computer Corporation. Þessi auglýsing er með fyrirvara um birgðastöðu, verð og prentvillur. Verð einstakra hluta gildir aðeins þegar varan er keypt í auglýstu pakkaþilboði. Dell, Dell vörumerkið og Latitude eru annað hvort vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Dell Computer Corporation, Celeron, Celeron inside, Centrino, Centrino Logo, Core Inside, Intel, Intel Logo, Intel Core, Intel Inside Logo, Intel vPro, Itanium, Itanium Inside, Pentium, Pentium Inside, Xeon og Xeon Inside eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útbúa þess í Bandaríkjunum Norður-Ameríku og öðrum löndum. Önnur nöfn og vörumerki geta verið í eigu annarra. Microsoft® og Windows® eru skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Dell gerir ekki tilkall til vörumerkja annarra. Ákveðinn Microsoft® hugbúnaður meðfylgjandi þessari tölvu getur notað afritunarvarnartækni.

Í þeim tilvikum er ekki hægt að nota hugbúnaðinn nema hugbúnaðurinn sé sérstaklega virkjaður af notanda. Virkjun hugbúnaðarins og notkunarskilmálar Microsoft eru skýrð við fyrstu ræðingu hugbúnaðarins eða við endurinnsetningu eða ákveðnar breytingar sem gerðar eru á stillingum tölvunnar. Virkjun er hægt að framkvæma yfir internetið eða með því að hringja í þjónustunúmer Microsoft, 510 6920.

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

Hagkaup

bjóða einfaldlega meira úrval



Fasana bringur



Kengúra



Dúfa



Hreindýrasteik



Kálfasteik



Dádýr



Andabringur



Kalkúnaskip smjörspautað



Fasani



Lynghænur



Rjúpa skosk



Akurhæna



Önd



Einiberja hátíðarlambalæri



Reyktur hátíðarkjúklingur



Krónhjörtur



Villigæs



Hangikjöt í suðupoka



Soðin kalkúnabringa



Reykt andabringa í sn.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

MAX LágMAXverð

3.499 kr.

PC PS2 PSP LEIKIR

2.299 kr.



almennt verð 2.999

Sims 2 Pets PC Uppbyggingarleikur

2.499 kr.



almennt verð 2.999

Dawn of War Dark Crusade PC Hernaðarleikur

3.499 kr.



almennt verð 3.999

Football Manager 07 PC Fótboleikur

2.999 kr.



almennt verð 3.999

Neverwinter Nights 2 PC Hlutverkaleikur

2.999 kr.



almennt verð 3.999

Medieval Total War 2 PC Hernaðarleikur

2.999 kr.



almennt verð 3.499

Family Guy PS2 Platformleikur

4.999 kr.



almennt verð 5.799

Canis Canem Edit PS2 Hasarleikur

2.999 kr.



almennt verð 3.999

Buzz! Sports Quiz PS2 Spurningaleikur

3.599 kr.



almennt verð 4.499

Bratz Forever Diamondz PS2 Platformleikur

3.499 kr.



almennt verð 3.999

Justice League Heroes PS2 Hasarleikur

3.999 kr.



almennt verð 4.499

Sopranos PS2 Hasarleikur

3.999 kr.



almennt verð 4.999

Scarface PS2 Hasarleikur

3.499 kr.



almennt verð 5.499

Destroy All Humans 2 PS2 Hasarleikur

4.999 kr.

Buzz! Junior Jungle Party PS2 leikur með buzzerum



almennt verð 5.999

4.999 kr.



almennt verð 5.999

Fifa 07 PS2 Fótboleikur

4.999 kr.



almennt verð 5.999

Need for Speed Carbon PS2 Bílaleikur

2.999 kr.



almennt verð 3.999

EyeToy Play Sports PS2 leikur

3.999 kr.

Gangs of London PSP Hasarleikur



almennt verð 4.999

4.399 kr.



almennt verð 4.999

GTA Vice City Stories PSP Hasarleikur

3.799 kr.



almennt verð 4.999

Medal of Honor Heroes PSP Skotleikur

3.899 kr.



almennt verð 4.999

LocoRoco PSP Prautaleikur

3.999 kr.



almennt verð 4.999

Sims 2 Pets PC Uppbyggingarleikur

3.899 kr.



almennt verð 4.999

Killzone Liberation PSP Skotleikur

almennt verð 4.999

Battlefield 2142 PC Skotleikur

3.999 kr.

almennt verð 4.999

Company of Heroes PC Hernaðarleikur

WWE Smackdown vs Raw 2007 PS2 Slagsmáaleikur

3.999 kr.

almennt verð 5.499

Bionicle Heroes PS2 Hasarleikur

3.499 kr.

almennt verð 4.499

3.999 kr.

almennt verð 4.999

Scooby Doo Who's Watching Who

Tekken Dark Resurrection PSP Slagsmáaleikur

3.999 kr.

almennt verð 4.999

MAX RAFTAEGI

MAX / Kaupúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

OPIÐ TIL KL. 22
OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA

Nýtt korta-
tímabil

Við erum beint
á móti IKEA



1 **H**ver er aðstoðarmaður dómsmálaráðherra?

2 **H**versu gamall varð Hemmi Gunn í gær?

3 **H**vað heitir önnur sólóplata Gwen Stefani?

SVÖR Á BLS. 70

Gísli Hrafn Atlason er Ljósberi ársins fyrir starf sitt í mannúðarmálum:

Heiðraður fyrir baráttuanda

FÉLAGSMÁL Samstarfshópurinn um Ljósberann valdi Gísla Hrafn Atlason, mannfræðing og ráðskonu í karlahópi Femínistafélags Íslands, Ljósberann árið 2006 við athöfn í Hinu húsinu á föstudaginn. Þetta er fimmta sinn sem Ljósberinn er veittur.

Gísli fær verðlaunin fyrir frumkvæði, djörfung, hugrekki og baráttuanda í umræðum og fyrir að vera í forsvari í að virkja karlmenn til ábyrgðar gegn kynbundnu ofbeldi í samfélaginu.

Gísli er mjög ánægður með viðurkenninguna og segir hann að annars vegar sé verið að veita honum hana fyrir starf hans í



GÍSLI HRAFN ATLASON Hlaut nafnbótina Ljósberi ársins 2006 við athöfn hinu húsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

karlahópi Femínistafélags Íslands og eins fyrir að hvetja til breyt-

inga á kynferðisbrotakafla hegningarlagna. „Ég tel að þær breytingar á kaflanum sem hafa verið kynntar gangi ekki nógu langt,“ segir Gísli.

Gísli segir einnig að hann fái viðurkenninguna fyrir starf sitt í málefnum sem lúta að ábyrgð feðra innan fjölskyldunnar en hann telur að karlmenn þurfi að taka meiri þátt í störfum innan heimilanna því konur séu í auknum mæli farnar að starfa utan heimilis. Hann segist ekki taka viðurkenninguna alfarið til sín heldur eigi allir í karlahópi Femínistafélagsins hlut í henni með honum. - ifv

Atvinnuleysisbætur:

Hækka um 2,9 prósent 2007

VINNUMARKAÐUR Atvinnuleysisbætur hækka um 2,9 prósent um næstu mánaðamót. Þetta er í samræmi við yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Í forsendum fjárlaga fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir að launa- og verðlagsbætur á fjárlagalið Atvinnuleisstryggingasjóðs nemi 2,9 prósentum.

Jafnframt er ljóst að almennir kjarasamningar ríkisins við félög opinberra starfsmanna, félög ASÍ og fleiri hækka um 2,9 prósent 1. janúar. Sömu hækkunir koma fram í niðurstöðu forsendunefndar SA og ASÍ frá því í fyrra. - ghs

HITABYLGJA

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF

MÓTEFNI VIÐ KULDA

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF



VIÐRÆÐUR Í HÆTTU Fánar ESB og Tyrklands blakta við mosku í Istanbul. Án mála miðlunar í deilunni um Kýpur og tollabandalagssamninga Tyrkja verður aðildarviðræðum hætt við þá í bili. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tillaga Tyrkja ófullnægjandi

Erindrekar Evrópusambandsins sátu á rökstólum í Brussel á föstudag um það hvernig bregðast skyldi við útspli Tyrkja í deilunni um tollabandalag og Kýpur.

BRUSSEL, AP Háttsettir erindrekar Evrópusambandsins funduðu í gær um það hvernig bregðast skyldi við tilraun Tyrkja til að fá því afstýrt að hlé yrði gert á aðildarviðræðum þeirra að sambandinu með tilboði um að opna eina höfn fyrir viðskiptum frá gríska hluta Kýpur.

Mehmet Ali Talat, leiðtogi Kýpur-Tyrkja, var einnig mættur til Brussel til að eiga viðræður við Olli Rehn, sem fer með stækkunarmál ESB í framkvæmdastjórninni. Tyrkir lögðu fram tilboð sitt á fimmtudag, en Erkki Tuomioja, utanríkisráðherra Finna sem nú fara með formennskuna í ESB, sagði það ófullnægjandi. „Þetta er engin lausn,“ sagði hann. Samkvæmt tilboðinu kváðust Tyrkir tilbúnir til að opna eina höfn fyrir viðskiptum frá gríska hluta Kýpur gegn því að ESB opnaði fyrir viðskipti við hinn einangraða tyrkneska hluta eyjunnar.

Tyrkir hafa fram til þessa ekki viljað fallast á að tollabandalagssamningur Tyrkja við ESB næði einnig til ríkjanna tíu sem gengu í sambandið árið 2004, þar sem þeir álíta að með því væru þeir óbeint að viðurkenna lýðveldi Kýpur-Grikkja. Síðan Tyrkir gerðu innrás á Kýpur árið 1974, undir því yfirskini að vilja afstýra meintri yfirvofandi sameiningu eyjunnar



RÖKRÆTT VIÐ REHN Mehmet Ali Talat, forseti Kýpur-Tyrkja, ásamt Olli Rehn, sem fer með stækkunarmál ESB í framkvæmdastjórninni, í Brussel í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

við Grikkland, hafa Kýpur-Tyrkir haldið úti eigin aðskilnaðarlýðveldi, sem Tyrkir einir viðurkenna. Eina alþjóðlega viðurkenna ríkið á Kýpur er lýðveldi Kýpur-Grikkja, sem Tyrklandsstjórn á ekki í neinum tengslum við og bannar eigin þegnum að eiga viðskipti við.

Fastafulltrúar aðildarríkja ESB sátu fram á kvöld í gær á rökstólum bak við luktur dyr um þetta og önnur mál sem verða á dagskrá leiðtogafundar sambandsins í lok næstu viku. Finnsla ESB-formennskan hafði gefið tyrkneskum stjórnvöldum frest sem rann út nú í vikunni til að fullgilda fjölgun aðildarríkja að tollabandalagssamningnum. Yrðu þau ekki við þessu myndu aðildarviðræðurnar við Tyrki „frystar“ í bili. - aa

Mikill áhugi víða á nýrri útvarpsstöð:

Vilja stækka útsendingarsvæði nýbúaútvarps

FJÖLMÍÐLUN Viðtökur við nýbúaútvarpinu hafa verið svo góðar að stjórnendur stöðvarinnar leita nú allra leiða til að stækka útsendingarsvæðið. Stefnt er að því að vera með sama útsendingarstyrk og aðrar útvarpsstöðvar og að útsendingin nái yfir allt

Faxaflóasvæðið. Þá er mikill áhugi úti á landi að tengjast útvarpsstöðinni og skýrist eftir áramótin hvernig það þróast.

Nýbúaútvarpið er samvinnuverkefni Hafnarfjarðarbjar, fjölmíðladeildarinnar í Flensborg og Alþjóðahúss. - ghs



24

flýttu þér hægt...

opið allan sólarhringinn...

- 10-11 Barónsstíg, Reykjavík
- 10-11 Engihjalla, Kópavogi
- 10-11 Hjarðarhaga, Reykjavík
- 10-11 Lyngási, Garðabæ
- 10-11 Langarima, Reykjavík
- 10-11 Staðarbergi, Hafnarfirði
- 10-11 Lágmúla, Reykjavík
- 10-11 Kaupangi, Akureyri
- 10-11 Dalvegi, Kópavogi
- 10-11 Hafnargötu, Keflavík



...alltaf opið!

www.10-11.is

ora

Ástríða í matargerð



Gleðileg jól

Gefðu milljónir í jólagjöf

Jólapakki sem inniheldur *auðugt líf*.

Gjafakort fyrir 2 á námskeiðið **Úr mínus í plús**

og metsölubókin "Þú átt nóg af peningum – þú þarft bara að finna þá"

Verð aðeins 13.900,- krónur. Pantaðu núna á www.spara.is og við sendum um hæl.



Umsagnir:

"Það er mér sönn ánægja að mæla með þessari bók. Ég keypti hana vegna þess að ég trúði ekki hinn ógrandi fullyrðingu höfundar: "Þú átt nóg af peningum ..." Nú veit ég að þessi fullyrðing er sönn"
- Práinn Bertelsson, rithöfundur

"Ég get svo sannarlega mælt með bók Ingólfs. Félagsmenn sem sótt hafa námskeið hans eru sammála um að Ingólfur hafi opnað þeim leiðir til að endurskoða fjármál sín og ná betri tókum á þeim"
- Þórunn Sveinbjörnsdóttir, varaformaður Eflingar



Auðugt líf

Ingólfur H. Ingólfsson
kennir fólki að spara
milljónatugi á námskeiðinu
Úr mínus í plús.



Ingólfur heldur námskeið um land allt í byrjun næsta árs.

Selfoss • Vestmannaeyjar • Egilsstaðir • Húsavík • Akureyri • Blönduós • Isafjörður • Stykkishólmur • Keflavík • Reykjavík

Fjárhagslegt frelsi

Gefðu vinum og vandamönnum fjárhagslegt frelsi.

Með gjafabréfi spara.is á námskeiðið **Úr mínus í plús** færir þú þeim, sem þér þykir vænt um, möguleikann á auðugu lífi. Á námskeiðinu er kennt hvernig gera má meira úr þeim peningum sem við fáum um hver mánaðamót, hvernig við eigum að njóta þess að eyða peningunum og hvernig allir geta byggt upp sparnað og eignir.

Nokkur þúsund Íslendingar hafa nú þegar komið á námskeiðið og fær það einróma lof.

Ummæli frá nemendum

„Þetta er eins og happdrættisvinningur.“
Guðrún Jóhannsdóttir

„Opnar augun og trú á að hægt sé að komast út úr skuldasúpunni (sbr. veltukerfi).“
Hildur Tryggvadóttir

„Lærir ný viðhorf til peninga/skulda/sparnaðar. Vekur von um betri tíð - og tilhlökkun að takast á við hlutina.“
Halldór Einarsson

„Eintóm ný fræðsla - jákvæð framtíð. Hef upplýsingar til að deila með börnum mínum. TAKK.“
Arnar Jóhannsson

„... Vildi að ég hefði fengið svona námskeið 20 ára.“
Kjartan Sigurðsson

Nánari upplýsingar í síma 587 2580 og á www.spara.is



PÚ SPARAR

KRÓNAN VINNNUR FYRIR ÞIG



779 kr. kg.
Krónu hamborgarhryggur m/beini

40% afsláttur



30% afsláttur

1189 kr. kg.
Hóla Bayonneskinka

Nýtt kortatímabil!



1136 kr. kg.
Sambands hangiframpartur úrb.

35% afsláttur



1396 kr. kg.
Sambands hangilæri úrb.



1238 kr. kg.
Hóla londonlamb

30% afsláttur



1189 kr. kg.
Hóla hamborgarhryggur m/beini

Þessi góði að norðan

30% afsláttur



Melónur gular
99 kr./kg.



Iceberg
149 kr./kg.



Ora aspas grænn
130 kr./pk.



Ora sveppir í dós
88 kr./pk.



Ora grænar baunir 450g
62 kr./pk.



25% afsláttur

grafinn og reyktur

Hér safnarðu aukalega inn á

MasterCard ferðaávisun

KRÓNAN KRÓNAN

Ódýrt og gott

Ódýrt og gott

Ódýrt og gott

Ódýrt og gott

40%
afsláttur

449 kr. kg.
Móa kjúklingur
1/1 ferskur



1kg SS pylsur
DVD Söngvaborg 1&2

SS vínarpylsur og
Söngvaborg
1698 kr./pk.



149 kr. stk.
Oetker pizzur 3 teg

SPARAÐU STÓRT



4 fyrir **2**

Egils hvítöl 1.25 ltr



Myllu samlokubrauð, hvít

2 fyrir **1**



6 fyrir **3**

Pepsi Max 2 ltr



Frón piparkökur
339 kr./pk.



Celebrations stór dós
1699 kr./stk.



emmess Jólalís 1,5 ltr
398 kr./stk.



emmess Ísblóm Tiramisu/
Cappuccino
247 kr./stk.

Toppp 40 listi
bókaútgefanda
fæst hjá okkur 1730.-



2721.-

2844.-

2759.-

3124.-

1926.-

KRONAN KRONAN

Hér safnarðu aukalega inn á



MasterCard ferðaávisun

Afnemum verðtrygginguna

UMRÆÐAN

Vextir lána

Frjálslyndi flokkurinn hefur lagt fram þingsályktunartillögu um að fela stjórnvöldum að hefja undirbúning þess að afnemin verði verðtrygging húsnæðislána.

Helstu rök fyrir afnámi verðtryggingar lána eru þau að hún kemur í veg fyrir að vaxtahækkunir sem Seðlabankinn beitir til að slá á þenslu virki sem skyldi.

Fylgjendur verðtryggingar hafa talið að með verðtryggingu lána á Íslandi sköpuðust forsendur fyrir lægri vöxtum og stöðugleika en sú hefur alls ekki orðið raunin. Íslendingar búa við hæstu vexti í Evrópu og frá því að gríðarleg hækkunarhrina stýrivaxta hófst í maí 2004 hafa stýrivextir hækkad um 264% en verðbólga hefur fjórfaldast á sama tíma.

Þetta sýnir að hækkun stýrivaxta hefur alls ekki tilætluð áhrif, enda bera langtímalán jafnan fasta verðtryggða vexti. Breyting stýrivaxta hefur lítil sem engin áhrif á verðtryggðu lánin og þar með hefur umrædd hækkun stýrivaxta lítil áhrif til að minnka þenslu. Einu merkjanlegu áhrif stýrivaxtahækkana varða minni fyrirtæki og einstaklinga sem tekið hafa skammtímalán. Búast má við að stýrivaxtahækkunin snerti einkum þá sem standa hvað lakast að vígi við öflun lánsfjár.

Vilhjálmur Egilsson, fram-



SIGURJÓN ÞÓRÐARSON

kvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, tekur í nýju fréttabréfi samtakanna undir sjónarmið Frjálslynda flokksins um að hagstjórnartæki Seðlabankans virki ekki sem skyldi.

Hagur lánastofnana og lífeyrissjóða

Íslenskt fjármálakerfi er orðið hluti af alþjóðlegu umhverfi og þess vegna þarf að aðlaga reglur þess og kjör því sem almennt gerist í vestrænum ríkjum. Lánskjör íbúðalána til almennings eru einn þeirra þátta sem þarf að aðlaga en í Evrópu heyrta verðtryggingar til algerra undantekninga.

Það er mjög mikilvægt að hafa í huga að afnám verðtryggingar mun ekki skerða hag lánveitenda eins og lífeyrissjóðanna til lengri tíma lítið. Afnám verðtryggingar yki á stöðugleika í efnahagslífinu þar sem lánastofnanir þyrftu í auknum mæli að taka tillit til stýrivaxta Seðlabankans í öllum ákvörðunum sínum.

Við afnám verðtryggingar gæti lánveitandi ekki varpað allri ábyrgð á verðbólguáhættu á lán-takandann og það mundi ýta undir ábyrgja efnahagsþróun. Við breytinguna mundi einnig skapast þrýstingur til lækkunar vaxtastigs í landinu þar sem lánveitendur og lán-takendur yrðu að taka mið af raunhæfum vaxta-kröfum.

Höfundur er þingmaður Frjálslynda flokksins.

Smátt letur og tryggingabætur

UMRÆÐAN

Tryggingafélag

Vátryggingafélag Íslands greiddi viðskiptavinum sínum alls um 6,5 milljarða króna í tryggingabætur á árinu 2005 og ætla má að bótaupphæðin verði að minnsta kosti 7,4 milljarðar króna á árinu sem er að líða. Ljóst er því að margir urðu því miður fyrir tjóni en fá sem betur fer tjón sín bætt, að svo miklu leyti sem unnt er að bæta skaða með fjármunum. Starfsfólk VÍS fær ófár tölvu-póstsendingar og upphringingar frá viðskiptavinum sem þakka fyrir þjónustu félagsins þegar á hana reynir. Þær raddir berast hins vegar ekki jafn víða og eru ekki eins háværar og raddir þeirra sem af einhverjum ástæðum eru óánægðir með uppgjör vegna tjóna.

Margir líta á tryggingar sem kvöld fremur en nauðsynlega vernd og öryggi gegn hvers konar v. Fólk greiðir iðgjald fyrir tiltekna vátryggingu og kaupir sér þannig vernd gagnvart tjóni sem það kann hugsanlega að verða fyrir en vonar auðvitað að aldrei reyni á slíkt. Eðli vátrygginga er að tryggingatakinna fái bættan skaða sem hann verður fyrir, hvorki meira né minna. Sumir telja sig bera skarðan hlut frá borði við tjónauppgjör og spyrja sem svo: „Fyrir hvað hef ég eiginlega borgað öll þessi ár ef ég fæ svo ekkert út úr tryggingunum þegar á þarf að halda?“ Þarna gætir misskilnings varðandi eðli trygginga. Menn líta alltof oft á tryggingariðgjald sem einhvers konar innistæðu í tryggingafélaginu sem þeir „eigi rétt á að fá til baka“ í formi tjónsuppgjörs. Það er auðvitað ekki svo heldur borgar tryggingartaki tryggingafélag-



ÁSGEIR BALDURS

inu fyrir að taka á sig áhættu og skuldbinda sig til að greiða bætur ef viðkomandi verður fyrir tjóni sem tryggingin nær yfir. Tjónsuppgjör eru mjög mismunandi, allt frá kostnaði sem nemur nokkrum þúsundum króna upp í tugi milljóna króna. Fæstir gera sér til dæmis grein fyrir því að greiðslur vegna ókutækjanna sjálfra eru aðeins brot af heildarupphæð bóta þegar bílar lenda í árekstri og fólk slasast það mikið að leiði til varanlegrar örorku. Slysabætur geta skipt milljónum króna, jafnvel tugum milljóna króna í alvarlegustu tilvikunum. Slysabætur er ekki staðlaðar greiðslur heldur miðast þær við flókna útreikninga þar sem tekið er tillit til aldurs og tekna viðkomandi. Fyrir nokkrum árum, áður en ég réðst til starfa hjá Vátryggingafélagi Íslands, heyrði ég um harðan árekstur tveggja bíla á Suðurlandsvegi. Þar slösuðust fjórir ungir menn lífshættulega og þrír þeirra hlutu varanlega örorku. Ekki datt mér í hug að áreksturinn kæmi verulega við fjárhag tryggingafélagsins, sem reyndar var VÍS. Annað kom á daginn. Heildartjónabætur vegna þessa eina umferðarslyss voru áætlaðar um 60 milljónir króna! Það gefur því auga leið að þurft hefur mörg tryggingariðgjöld og sterkan sjód til þess að standa undir þeim kostnaði.

„Tryggingafélagið vísaði í smáa letrið og kom sér undan að borga,“ segja gjarnan þeir sem lýsa

óánægju sinni. Hvað VÍS varðar er staðreyndin sú að í tryggingaskilmálunum er alls ekkert „smátt letur“ að finna. Skilmálar einstakra trygginga á okkar vegum eru vel skilgreindir og útskýrðir á sérstökum blöðum og í bæklingum sem viðskiptavinir fá afhenta þegar þeir kaupa tryggingar. Sé skilmálum síðan breytt er viðskiptavinum undantekningarlaust sent bréf þar að lútandi til kynningar og útskýringar. Við teljum hreint ekki eftir okkur að upplýsa viðskiptavinum okkar enda sýnir reynslan að fæstir kynna sér tryggingaskilmála nægilega vel og halda oft að vátryggingaverndin sé víótækari en þar er kveðið á um. Algengt er til dæmis að fólk rugli saman skilmálum innbústryggingar annars vegar og húseigendastryggingar hins vegar og telji að innbústrygging ná til tjóns á teppi eða parketi. Staðreyndin er hins vegar sú að engin innbústrygging bætir tjón á gólfefnum heldur kemur þar til kasta húseigendastryggingar.

Tryggingastarfsemi er í eðli sínu áhættusöm atvinnugrein og aldrei að vita hvað morgundagurinn ber í skauti sér. Langan tíma getur tekið að gera upp tjón af ýmsu tagi, til dæmis geta liðið nokkur ár frá slysi þar til endanlega er kveðið upp úr með örorku þeirra sem slösuðust. Þá fyrst kemst á hreint hve miklar bætur falla á tryggingafélagið. Þess vegna eru það sjálfsögð og augljós búhyggindi að áætla strax, og leggja til hliðar, fjárupphæð fyrir slíkum útgjöldum. Viðskiptavinir verða að geta treyst því að vátryggingafélag þeirra standi undir þeim skuldbindingum sem á það falla ef eitthvað bjátar á.

Höfundur er framkvæmdastjóri Vátryggingafélags Íslands.



TM Software

Styttu söluferlið og auku söluna

Microsoft Dynamics CRM gerir sölu- og markaðsfólki kleift að beina sérsniðnum skilaboðum til núverandi og væntanlegra viðskiptavina, stytta söluferlið og auka söluna.

- Styrktu tengslin við viðskiptavinina
- Framkvæmdu snjallara markaðsátak
- Haltu betur utan um verkefni
- Breyttu ábendingum um sölu í tækifæri
- Breyttu upplýsingum í mikilvæg markaðsgögn

TM Software er alþjóðlegt hugbúnaðarfyrtæki með skrifstofur í 11 löndum og um 450 starfsmenn. Fyrirtækið þjónar yfir 1.800 viðskiptavinum í rúmlega 20 löndum í fjórum heimsálfum. TM Software hefur itrekað verið heiðrað sem eitt af framsæknustu fyrirtækjum Evrópu á „Europe's 500“ listanum.

Fyrir frekari upplýsingar hafið samband við söludeild TM Software | Maritech í síma 545 3200 eða á netfangið sala@maritech.is

Microsoft
GOLD CERTIFIED
Partner



Microsoft Dynamics CRM

www.tm-software.com

Sett kynnir vönduð húsgögn á sannkölluðu jólaverði

kr. 261.700.-

CALIAITALIA SÓFASETT 3+2

Vandað og afar glæsilegt sófasett alklædd hágæða ítölsku leðri. Einnig er hægt að fá stóla í þessu sama módeli. Fáanlegur í dökkbrúnu og beige.



Ný sending af svefnsófum. Komdu við og skoðuðu úrvalið.

kr. 89.900.-

PREMIUM SVEFNSÓFI

Vandaður svefnsófi með heilsudýnu og Microfiber áklæði. Hlífdardýna fylgir með. Veldu aðeins það besta fyrir þína gesti. Stærð dýnu: 140 x 200 sm



kr. 99.900.-

JANE TUNGUSÓFI

Notalegur tungusófi sem hentar fyrir framan sjónvarpið. Fáanlegur í dökku og ljósu.

Rafmagnsnudd



kr. 49.900.-

MEGAN HÆGINDASTÓLL

Þægilegur hægindastóll klæddur vönduðu ítölsku leðri. Rafmagnsnuddstóll með mörgum stillingum. Er einnig fáanlegur með Microfiber áklæði (kr. 43.900.-).



TORKELSON

TORKELSON BORDSTOFUSETT

Stílhrein og falleg sænsk borðstofuhúsgögn úr eik og hnotu. Þetta eru gegnheil gæði á góðu verði.

VISCOLEX

VISCOLEX YFIRDÝNA Á ÓTRÚLEGU VERÐI

Hágæða yfirdýna sem hefur vakið verðskuldaða athygli. Með því að nota Viscolex yfirdýnuna verður gamla dýnan eins og ný - jafnvel betri.

Þjóðum einnig Viscolex heilsukodda á aðeins kr. 4.900.- en þeir hafa slegið rækilega í gegn hjá okkur.



SETT

H Ú S G A G N A V E R S L U N

OPNUNARTÍMI: MÁNUD - FÖSTUD 11:00 - 18:00 LAUGARDAGA 11:00 - 16:00 SUNNUDAGA 13:00 - 16:00

SETT HÚSGAGNAVERSLUN • ASKALIND 2A • 201 KÓPAVOGUR • SÍMI 534 1400 • WWW.SETT.IS

TÓNLIST
VERÐLÆKKUN

Ótrúlegt verð

Glæsilegt úrval af CD, DVD og tölvuleikjum.



Selma og Hansa:
Árita í Skeifu kl. 16:00
Árita og spila í Kringlu kl. 14:00



Óskar Pétursson og Gunnar Þórðarson árita:
Smáralind kl. 16:00
Kringlu kl. 15:00
Skeifu kl. 17:00



Björg árita:
Skeifu kl. 15:00
Smáralind kl. 16:00



Stebbi og Eyfi árita og spila:
Smáralind kl. 14:00



Söngva Borg árita og skemmta:
Smáralind kl. 15:00



Jóhann Friðgeir árita:
Kringlu kl. 17:00



Nylon árita og spila:
Smáralind kl. 17:00



100 íslensk jólalög



Á móti sól - Á móti sól í 10 ár



Svínasúpan



Strákarnir



Stelpurnar



Jólástjarnan

Gildir til 14. desember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



LOVÍSA ELÍSBET „Ég var bara ósköp venjuleg þegar ég var yngri, dálítil strákur í mér og alltaf að gaurast í körfubolta, en hlustaði á Take That og Blur og var með plakát af Whitney Houston upp á vegg.“

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Veit ekki hvað ég er búin að koma mér í

Lovísa Elísabetu Sigrúnardóttur þekkja kannski ekki margir en flestir kannast við listamannsnafið Lay Low, söngkonunnar sem hefur verið á vörum svo margra undanfarnar vikur. Í samtali við *Bergstein Sigurðsson* ræðir Lovísa um frægd á ofurhraða og hvernig það er að vera leitandi sál á krossgötum.



Þegar blaðamaður hitti Lovísu á kaffihúsi í miðborginni voru tvær til þrjár stundir liðnar frá því hún var vakinn með þeim fréttum að hún hefði hlotið fjórar tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna fyrir nýtt-kominn frumburð sinn – Please don't hate me. „Ég er ennþá hálf rugluð yfir þessu,“ segir hún. „Ég var alveg steinhissa þegar ég fékk fréttirnar í morgun. Miðað við viðtökurnar leyfði ég mér að vona að ég yrði kannski tilnefnd sem bjartasta vonin [sem hún er hins vegar ekki, merkilegt nokk] en þetta kom mér algjörlega á óvart.“

Blús fyrir tilviljun

Stjarna Lovísu hefur risið hratt að undanförunu. Fyrir örfáum mánuðum samdi hún nokkrar blússkotn-ar laglínur á gítar, tók upp og setti á MySpace-síðuna sína undir nafninu Lay Low. Í kjölfarið kom útgáfufyrirtækið Cod Music að máli við hana og bauðst til að gefa út plötu. Fyrir nokkrum vikum leit frumraunin dagsins ljós og í dag er Lay Low á hvers manns vörum; hún lék fyrir troðfullri Fríkirkju á útgáfutónleikum á dögunum og platan rýkur úr plötubúðum. Ekki ónýtt ársverk hjá 24 ára gamalli stúlku.

„Það var nánast tilviljun að ég fór að syngja blús; ég byrjaði vegna þess að þetta er þægileg tónlist til að syngja við, ég get ekki sungið hvað sem er, og setti það á netið. Ég fékk ágæt viðbrögð sem gaf mér meira sjálfstraust og ég bætti nokkrum lögum við. Áður en ég vissi af höfðu Cod Music samband og buðu mér að gefa út plötu. Eftir það varð ekki aftur snúið.“

Hún kveðst vitaskuld himinlifandi yfir að sér gangi vel en í sömu

andrá sé það líka skrítið. „Það stóð aldrei til að þetta færi svona. Ég var bara eitthvað að læðast með tónlistina mína á netinu. Nú er ég búin að gefa út plötu og fullt af fólki veit hver ég er og það hefur verið dálítið sérstakt að meðtaka það.“

Fríkirkjan hápunkturinn

Eðli málsins samkvæmt hefur árið líka verið annasamt; Lovísa hætti í Listaháskóla Íslands til að geta tekið upp plötuna, en er nú í fullri vinnu í Skífunni á Laugavegi. Nánast hver einasta frístund er frátekin fyrir tónleika og kynningarstarf og hún játar að síðustu vikur og mánuðir hafi verið strembnir. „Ég var dálítið sein að klára plötuna út af flensu sem hefur dregist endalaust á langinn. Ég var ekki orðin nógu góð þegar ég tók upp plötuna en ákvað að láta slag standa. Eftir vinnu fer ég yfirleitt að spila einhvers staðar og svo kannski á æfingu strax á eftir, þannig það er ansi mikið að gera þessa stundina. Mér finnst þetta mjög gaman en það er ekki möguleiki á að vera í skóla á sama tíma.“

Hún segir að útgáfutónleikarnir í Fríkirkjunni hafi verið hápunkturinn hingað til. „Ég vissi ekkert við hverju átti að búast. Í fyrstu fannst mér Fríkirkjan vera alltof stór en svo seldust miðarnir upp í forsölu. Veikindin voru enn að há mér og ég dældi í mig penisilíni og sterum fyrir tónleikana. Þegar ég mætti var ég í stresskasti og viss um að ég myndi fá hóstakast og ekki getað sungið, ég er bara ekki nógu vön söngkona ennþá. Og það skánaði ekki þegar ég kom inn í kirkjuna. Ég er vön að spila á börum og stöðum þar sem er reykt og skvaldur í salnum. Þarna var hins vegar grafarþögn, sem var nánast vandræðalegt til að byrja

með. En svo byrjaði ég að spila og stressið minnkaði og eftir á var ég mjög ánægð með þessa tónleika og ótrúlega sátt með hvað margir mættu.“

Veit ekki hvað hún vill verða

Hún viðurkennir að vera stressuð og gagnrýnin á sjálfa sig en þó innan heilbrigðra marka. „Þetta heldur mér frekar á tánun en aftur af mér; ég passa mig á því að vera alltaf vel undirbúin og þótt ég sé stundum óánægð með einhverja tónleika er ég líka ánægð þegar ég veit að ég hef staðið mig vel.“

Lovísa kveðst vissulega vera þakklát fyrir viðtökurnar sem hún hefur hlotið en segir líka að í kjölfar hinnar óvæntu velgengni finnist henni hún standa frammi fyrir ákvörðunum sem hún var ekki viðbúin að þurfa að taka. „Þetta hefur gerst svo hratt að ég er enn að reyna að átta mig á hvað ég er búin að koma mér í og hvert ég vil fara. Ég veit ekki ennþá hvað ég vil verða þegar ég verð stór en líður dálítið eins og ég þurfi að ákveða það núna. Ég á ábyggilega alltaf eftir að hlusta á tónlist en ég veit ekkert hvort ég eigi eftir að spila það sem eftir er.“

Venjulegur unglingur

Lovísa Elísabet fæddist í London. Hún er íslenski í móðurættina en faðir hennar er Breti af srílonksku bergi brottinn. Tveggja ára gömul flutti hún heim til Íslands með móður sinni, bjó í Kópavogi til átta ára aldurs en þaðan í frá í Laugar- dalnum. Þótt hún hafi byrjað að læra á píanó ung að aldri segist hún ekki hafa verið sérstaklega listhneigð sem barn og unglingur. „Ég var bara ósköp venjuleg þegar ég var yngri, dálítil strákur í mér og alltaf að gaurast í körfubolta, en hlustaði á Take That og Blur og var með plakát af Whitney Houston

” Petta hefur gerst svo hratt að ég er enn að reyna að átta mig á hvað ég er búin að koma mér í og hvert ég vil fara.

.....
uppi á vegg. Mamma sendi mig hins vegar í píanónám og þegar ég var tólf eða þrettán ára byrjaði á að spila á bassa og gítar og var í nokkrum hljómsveitum.“

Lovísa gekk í Menntaskólann við Hamrahlið og tónlistaráhuginn óx með árunum. Fyrir þremur árum byrjaði hún í hljómsveitinni Benny Crespo's Band, en það var ekki fyrir en tiltölulega nýlega sem hún fann hjá sér þörf til að semja og spila eigið efni. „Ég hef lengi hlustað á blústonlist, gospel-tónlist og gamal kántrí, menn á borð við Hank Williams, og þetta hefur sjálfsgagt bara þróast með mér í gegnum árin.“

Tekur lífinu ekki sem sjálfsgöðu

Veikindi hafa sett strík í reikninginn hjá Lovísu. Upp úr tvítugu fékk hún heilaæxli sem hrjáði hana í tvö ár og segir hún að það hafi haft áhrif á sig til frambúðar. „Þetta var frekar ómurlegur tími. Ég var orðin hálfgerður öryrki; gat ekki unnið eða verið í skóla eða keyrt bíl. En þegar mér batnaði áttaði ég mig á hvað það er mikils virði að vera heilbrigður. Það hljómar kannski eins og klisja en maður lærir að meta lífið upp á nýtt, taka því ekki sem sjálfsgöðu,

og ég reyni að gleyma því ekki. Og þetta á kannski líka sinn þátt í því að ég fór að gera eigin tónlist.“

Veikindin urðu meðal annars til þess að hún fór að læra geislafræði í Háskóla Íslands. „Ég vissi ekki einu sinni að stétt geislafræðinga væri til fyrr en ég veiktist. Þá kynntist ég faginu og fannst það áhugavert og skráði mig í háskólann. Ég hætti hins vegar eftir rúmt ár því ég fann að verklegi þátturinn átti ekki við mig. En þetta var gagnlegt og áhugavert nám, ég veit til dæmis miklu meira um líkamann en ég gerði.“

Þakklát fyrir að vera á góðum stað

Það er orðið algengara en ekki að íslenskir tónlistarmenn reyni fyrir sér utan landsteinanna eftir að hafa getið sér góðan orðstír heima fyrir. Lovísa er engin undantekning og heldur utan strax eftir áramót í lítið tónleikaferðalag. „Ég hef aldrei spilað úti áður svo það verður mjög spennandi. Ég hef líka mikinn áhuga á ferðalögum en hef ekki ferðast jafn mikið og ég vildi.“

Faðir Lovísu og föðurfjölskylda búa í London og hún hefur haft annan fótinn þar í gegnum tíðina. Hún segist þó ekki getað hugsað sér að flytja frá Íslandi. „Ekki ennþá að minnsta kosti. Margir vinir mínir eru að flytja út um þessar mundir en mér líður vel hérna heima og er ekki tilbúin að flytja út strax.“

Fyrir utan tónleika erlendis í janúar og febrúar er næsta ár óskrifað blað í huga Lovísu. „Það er ekkert ákveðið. Ætli ég verði ekki bara að spila og vinna í Skífunni. Fyrir þann sem hefur ástríðu fyrir tónlist er eiginlega ekki hægt að hugsa sér betri stöðu en þá sem ég er í einmitt núna. Og ég er virkilega þakklát fyrir það.“



1.445 kr/kg. áður 2.409 kr/kg.
Ísfugl kjúklingabringur skinnlausar



1.264 kr/kg. áður 1.945 kr/kg.
Borgarnes lambalæri hvítlauksmarinerað



999 kr/kg.
Humar 1 kg.



461 kr/pk. áður 614 kr/pk.
Goða grillborgarar



1.311 kr/kg. áður 1.748 kr/kg.
Goða lambahamborgarhryggur



2.399 kr/stk.
Jólasveinar syngja og dansa - DVD



Þú sparar 600 kr/pk.
1.399 kr/pk. áður 1.999 kr/pk.
Nóa konfektkassi


allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 10. desember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi

EFSTAR Á ÓS



1.
ÆVISÓGUR
Metsölulisti Mbl.
7. des.


1. prentun uppseld

2. prentun á þrotum

3. prentun væntanleg

Saga Rögnu á Laugabóli er einstök örlagasaga sem hefur djúp áhrif á sérhvern lesanda. Ragna er stórbrotin persóna sem lætur ekki sinn hlut fyrir neinum.

Hér er hulunni svipt af helsta deilumáli síðustu mánuða: Hlerunarmálunum. Sagnfræði sem minnir mest á spennusögu




Uppseld hjá útgefanda

2. prentun væntanleg í verslanir á morgun

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAININ
Silnefning

5.
ALMENNT EFNI
Penninn Eymundsson og Bókabóir MM
6. des.

5.
ALMENNT EFNI
Metsölulisti Mbl.
7. des.



4.
ALMENNT EFNI
Metsölulisti Mbl.
7. des.

Þessi bók er algjört met!



8.-9.
ÆVISÓGUR
Metsölulisti Mbl.
7. des.

9.
ÆVISÓGUR
Metsölulisti Mbl.
30. nóv.

Guðni Þórðarson segir hér í fyrsta sinn frá baráttu sinni við valdablokkirnar í viðskiptalífinu sem sáu ofsjónum yfir uppgangi hans.

1. prentun uppseld

2. prentun komin í verslanir



2.
BARNABÆKUR
Metsölulisti Mbl.
7. des.

3.
BARNABÆKUR
Penninn Eymundsson og Bókabóir MM
6. des.

1. prentun uppseld

2. prentun væntanleg

Enn er Fíasól komin á kreik og hressari en nokkru sinni fyrr. Hér áttar hún sig á því að hún er óskabarn, útvegar fjölskyldunni einkaþjón og bregður sér meira að segja til útlanda! Hressilegar sögur og bráðfyndnar myndir gera Fíasól að eftirlæti íslenskra bókaorma ár eftir ár.



4.
BARNABÆKUR
Metsölulisti Mbl.
7. des.

7.
BARNABÆKUR
Penninn Eymundsson og Bókabóir MM
6. des.

„Á móti alvarlegu söguefni kemur hraður og galvaskur frásagnarháttur Karenar Karlottu og hnitmiðaður stíllinn sem stundum er svo rosalega fyndinn ... Þetta eru bækur sem stækka sjóndeildarhring lesenda sinna.“

Silja Aðalsteinsdóttir, tmm.is

KALISTANUM



ÍSLENSKU
BÓKMENNTA
VERÐLAUNIN
Silnefning

1. prentun
uppseld

2. prentun
komin í
verslanir

4.
SKÁLDVERK
Metsölulisti Mbl.
7. des.

6.
SKÁLDVERK
Penninn Eymundsson
og Bókabúðir MM
6. des.

„Írónísk, launfyndin,
bókmenntaleg spennusaga.“

★★★★

Jón Yngvi Jóhannsson, Kastljós

„Konungsbók er **viðburðarík
og spennandi** saga“

Silja Aðalsteinsdóttir, tmm.is

„**Mest spennandi bók** sem ég
hef lesið fyrir jólin ... Besta bók
Braga.“

★★★★★

Jón Yngvi Jóhannsson, Kastljós


„Textinn er svo **drepfyndinn** að
það hálfra væri nóg ... það er ekki
annað hægt en að kolfalla fyrir öllu
sem viðkemur Sendiherranum.“

★★★★★

Sigríður Albertsdóttir, DV

1.
SKÁLDVERK
Metsölulisti Mbl.
7. des.

1.
ALLAR BÆKUR
Penninn Eymundsson
og Bókabúðir MM
6. des.



HVÍTA HÚSID / SÍA



ÍSLENSKU
BÓKMENNTA
VERÐLAUNIN
Silnefning

1. prentun
uppseld

2. prentun
komin í
verslanir

4.
SKÁLDVERK
Penninn Eymundsson
og Bókabúðir MM
6. des.

7.
SKÁLDVERK
Metsölulisti Mbl.
7. des.

„Auður Jónsdóttir heldur áfram að vaxa
í þessari glæsilegu skáldsögu sinni ...
brýn og glæsilega stíluð,
þaulhugsuð saga um stórt efni.“

★★★★★

Páll Baldvin Baldvinsson, Fbl.


„**Mögnuð bók** ... Auður Jónsdóttir
hefur skipað sér í hóp athyglisverðustu
rithöfunda á Íslandi ... kæmi það ekki á
óvart ef hún gerði **tilkall til hinna
Íslensku bókmenntaverðlauna** í
annað sinn.“

Soffía Auður Birgisdóttir, Mbl.

2.
SKÁLDVERK
Metsölulisti Mbl.
7. des.

2.
SKÁLDVERK
Penninn Eymundsson
og Bókabúðir MM
6. des.

ÍSLENSKU
BÓKMENNTA
VERÐLAUNIN
Silnefning



„Maður getur ekki
hætt að lesa ... sögurnar tvíanna saman
spennu, sorg og tilfinningalífi fólks á
meistaralegan máta.“

★★★★★

Óttar M. Norðfjörð, DV

„**Snjallar og vandaðar** smásögur.“

Jón Yngvi Jóhannsson, Kastljós



7.
BARNABÆKUR
Metsölulisti Mbl.
7. des.

„Það er ekki algengt að fá í hendur
unglingasögu sem er ekki hægt að leggja frá
sér fyrr en hún er fulllesin. ... Ég er ekki
dramadrottning er einhver **skemmtilegasta
unglingasaga** sem ég hef lesið um langa
hríð. ... Sagan **lýsir engri smá gelgju, er
lipurlega skrifuð og fyndin.** ... Ég bíð
spennt eftir næstu Emblu bók.“

★★★★★

Súsanna Svavarsdóttir, Fbl.



Enginn verður óbarinn Börsungur

Fyrstu mánuðirnir í Barcelona hafa verið þrautaganga fyrir **Eið Smára Guðjohnsen** eða **Guddy** eins og hann er jafnan kallaður í spænskum fjölmiðlum. Hann var ekki tekinn neinum vettlingatökum af áhangendum, fjölmiðlamönnum og sparkspekingum þegar hann fyrst klæddist Barcelona-búningnum. En blaðamenn íþróttablaðanna Sport, Marca og Mundo Deportivo sem **Jón Sigurður Eyjólfsson** ræddi við virðast sammála um að hann hafi nú staðist eldraunina.

„Þegar ég sat á áhorfendapöllumunum á Nou Camp var ég sífelld að heyrja blaðamenn og félagsmenn Barcelona fárast yfir Eiði Smára,“ segir Javier Rodríguez Marzo, ritstjóri Sport í Barcelona. „Þeir sögðu að hann væri seinn, klaufskur og þar fram eftir götunum. Sömmuleiðis kom mér á óvart hversu sumir blaðamenn gátu verið óvægðir gagnvart honum þó tölfræðin sýndi að hann væri í raun og veru að standa sína plikt nokkuð vel. En stundum hefur Eiður Smári gert axarskóft sem voru vatn á myllu þeirra sem gagnrýndu hans harðast. Mest mótlætið sem hann hefur mátt þola tel ég að hafi verið eftir leikinn gegn Real Madrid á Bernabeu,“ segir Marzo. „Börsungur vita vel að það getur komið fyrir hvaða leikmann sem er að brenna af í góðu færi. En að brenna af í dauðafæri á Bernabeu eins og Eiður Smári gerði í síðustu viðureign liðanna er dauðasynd hér í Barcelona,“ segir hann og hlær við. „En hann lét þetta ekki brjóta sig niður svo hann virðist hafa þann andlega styrk sem góður leikmaður verður að hafa. Og nú síðustu daga hef ég heyrt þessa menn sem voru að bölsótast út í hann hæla honum á hvert reipi, sérstaklega eftir leikinn gegn Werder Bremen síðasta þriðjudag en þar var nú aldeilis ekki klaufaskap eða seinangangi fyrir að fara hjá kappanum,“ segir hann.

En hvaða sess skipar Eiður Smári í spænsku knattspyrnunni? „Það er nokkuð ósannjarnt að fara að gera það upp strax. Leiktíðin er ekki hálfnuð. En hins vegar get ég sagt það að ef ég væri þjálfari spænska landsliðsins og Eiður Smári væri landi minn þá myndi ég velja hann í hópinn. Þetta er kannski ekki gott dæmi þar sem spænska landsliðið er með allt niðrum sig um þessar mundir og ef til vill lítill sómi að tilheyra því eins og sakir standa,“ segir Marzo og hlær.

Eiður Smári og Brassarnir ná vel saman
Joan Josep Pallas, blaðamaður hjá íþróttablaðinu Mundo Deportivo, þekkir vel til í herbúðum Barcelona og ber okkar manni vel söguna þaðan. „Hann er sérlega vel liðinn meðal ann-



EIÐUR SMÁRI FAGNAR MARKI SÍNU Eiður Smári sést hér fagna marki sínu gegn Werder Bremen í Meistaradeild Evrópu á dögum. „Það fer sérstaklega vel á með honum og Brasilíumönnum í liðinu,“ segir Juan Josep Pallas, blaðamaður Mundo Deportivo, en Ronaldinho og Deco, sem eru með honum á myndinni, koma báðir frá Brasilíu.

arra leikmanna. Hann er opinn, viðkunnlegur og reynir hvað hann getur að aðlagast og það verður ekki annað sagt en hann hafi náð að gera það nokkuð fljótt. Það fer sérstaklega vel á með honum og Brasilíumönnum í liðinu. Hann situr yfirleitt til borðs með þeim á fundum og í matartímum. Þá á ég við Ronaldinho, Deco sem reyndar leikur með portúgalska landsliðinu en er frá Brasilíu, Edmilson, Silvinho og Motta.“

Carlos Manuel Sanchez, blaðamaður hjá Marca, segir að þeir sem fylgast með leikjum Barcelona hafi ekki farið varhluta af því hversu vel Eiður Smári og Ronaldinho ná saman á leikvöllinum. „Þetta sást vel í leiknum gegn Werder Bremen,“ segir Sanchez. „Þá gat Ronaldinho sent boltann blindandi

á Eið Smára því hann vissi nákvæmlega hvar hann væri að finna.“

Spænsku blöðin hafa mörg hver gefið Eiði Smára viðurnefnin „slátrarinn“ og „morðinginn hljóðláti“. Á Íslandi þykir Eiður Smári einstaklega viðkunnlegur og þrúður leikmaður og því kann Íslendingum að finnast sem þessi viðurnefni séu ekki réttnefni. Sanchez er aftur á móti með útskýringar á þessu. „Þetta eru alls ekki niðrandi viðurnefni í fótboltanum hér á Spáni,“ segir hann. „Við höfum þá staðalímynd af norrænu fólki að það sé yfirvegaðra, kaldlyndara og láti höfuðið ráða frekar en hjartað. Þessi staðalímynd og svo sú staðreynd að Eiður Smári getur gert út af við andstæðingana án þess að fara fram með miklu offorsi hefur orðið til þess að hann hefur stundum fengið þetta viðurnefni í blöðunum.“

Snillingur en ekki klaufi

Blaðamennirnir þrír eru sammála um það hverjir séu helstu styrkleikar Eiðs Smára. „Hann les leikinn vel og dregur varnarmenn andstæðinganna með sér,“ segir Sanchez. „Þannig skapar hann svigrúm fyrir Ronaldinho og með sama hætti hefur hann skapað svigrúm fyrir Iniesta sem er alla jafna ekki sóknjafur og skoraði sárásjaldan en eftir að Eiður Smári kom inn í liðið hefur hann farið á kostum og skorað tvö mörk. Annað markið skoraði hann við markteig en hann gat sjaldan leyft sér að fara svo framfarlega áður.“

Og Sanchez heldur áfram að telja upp kosti okkar manns. „Hann er markaskorari, vinnusamur og fórnfús. Ég hef lengi fylgst með enska boltanum svo ég vissi alltaf að hann væri leikinn en þessa eiginleika hans uppgötvuðu spænskir áhorfendur ekki fyrr en Eiður Smári kom með sýnikennslu sína í leiknum gegn Werder Bremen. Fram að því höfðu margir talið hann klaufalegan.“ Þarna á Sanchez við einstaklingsframtak Eiðs Smára þegar hann lék á fjóra varnarmenn Werder Bremen, kom sér þannig í færi en skot hans hafnaði í stönginni. Þaðan barst knötturinn til Guily, samherja hans, sem skaut framhjá fyrir opnu marki. „Hefði Eiður Smári skorað hefði það orðið mark Meistaradeildarinnar til þessa,“ segir Pallas. „Og hvað sem síðar verður hefði þetta verið mark sem enginn myndi gleyma.“

Þyrnum stráð leið að hjórtum Börsunga

„Vandinn sem beið Eiðs Smára þegar hann kom til Barcelona var að hann er eftirmaður hins sænska Henriks Larsons sem var sérlega vinsæll

“ Spænsku blöðin hafa mörg hver gefið Eiði Smára viðurnefnin „slátrarinn“ og „morðinginn hljóðláti“.



CARLOS MANUEL SANCHEZ Blaðamaður Marca segir leikskilning Eiðs Smára hafa fært liði Barcelona aukna möguleika í sóknarleikum.



JOAN JOSEP PALLAS Hrósar Eiði Smára fyrir góð samskipti við blaðamenn og frábæra frammistöðu á völlum til þessa.



JAVIER RODRIGUEZ MARZO „Að brenna af í góðu færi á Bernabeu eins og Eiður Smári gerði í síðustu viðureign liðanna er dauðasynd.“

meðal aðdáenda Barcelona,“ segir Pallas. „Og til að byrja með virtist alveg sama hvað Eiður gerði; ekkert var nógu gott að þeirra mati. Samt er Eiður að standa sig betur en Larson gerði í raun og veru. Hann skorar meira sé miðað við leiknar mínútur, hann er strax farinn að tala spænsku sem Larson gerði aldrei og hann er farinn að vera á blaðamannafundum og kominn í samband við blaðamenn hér meðan við þurfum yfirleitt að hafa samband við kollega okkar í Svíþjóð til að fá komment frá Larson svo þetta dálæti á þeim sænska sem skyggði á Eið Smára var mér alveg óskiljanlegt. Kannski voru það persónu- töfrar hans sem höfðu þessi áhrif og sú staðreynd að hann brást sjaldnast þegar á reyndi. En ég held að leikurinn gegn Werder Bremen hafi verið tímamótaleikur hjá Eiði Smára og af viðtökum áhangenda að dæma eftir leikinn tel ég að nú hafi hann virkilega náð til hjarta Börsunga.“

Sanchez segir að margir hafi verið undrandi á Frank Rijkard þjálfara Barcelona fyrir að festa kaup á leikmanni sem þá átti ekki fast sæti í Chelsea. „Svo meiddist Eto'o snemma á tímabilinu og þá var Eiður Smári allt í einu kominn í byrjunarliðið og sú ábyrgð á hans herðar lögð að enginn myndi sakna Niunnar eins og Eto'o er oft kallaður. Þetta eru gífurlegar kröfur og það var hart sótt að Eiði Smára að hann myndi standast þær og það hefur hann gert.“

Erfiðasta þrautin að baki

En hvað tekur við hjá Eiði Smára í febrúar þegar Samúel Eto'o verður búinn að jafna sig? „Vissulega fer Eto'o strax í byrjunarliðið,“ segir Pallas. „En Rijkard kann virkilega að nota mannskapinn og hann er sanngjarn þjálfari svo Eiður Smári fer ekki út í horn. Í raun tel ég að erfiðasta þraut Eiðs Smára sé að baki en það var að sýna það og sanna að hann á erindi í stjórnuprýtt Barcelona-liði. Svo er það alveg ljóst að leikmaður sem skýtur argentínska landsliðsmanninum Javier Saviola aftur fyrir sig hefur sitt hlutverk í liðinu.“



HENRIK LARSON Eiði Smára var mikill vandi á höndum er hann klæddist treyju númer 7 sem Henrik Larsson hafði áður.

BT

Þetta kalla ég sko
FLÖT jól!

32" LCD vegg sjónvarp

4.520**

MD30082
32" Medion LCD vegg sjónvarp
Upplausn: 1366x768 HD ready

HD Ready LCD vegg sjónvarp frá snillingunum hjá Medion

HDMI tengi tryggir stafræn gæði

8 millisekúndu svartími og 176 gráðu áhorfsvinkill


Sleep timer (tímarofi) og barnalæsing á tökkum

Veggfesting að verðmæti 13.999- fylgir

32"



FYLGIR



14.297°

Denver DVU-1008 DVD spilari, Superman Returns & Da Vinci Code á DVD fylgja!

4.520

**Tölvu- og tækjalán 36 mán.

9.999

Vaxtalaust 12 mán.

119.988

Staðgreitt

37" LCD vegg sjónvarp

6.271**

MD30094
37" Medion LCD vegg sjónvarp
Upplausn: 1366x768 HD ready

HD Ready LCD vegg sjónvarp frá snillingunum hjá Medion

HDMI tengi tryggir stafræn gæði

8 millisekúndu svartími og 176 gráðu áhorfsvinkill


Sleep timer (tímarofi) og barnalæsing á tökkum

Veggfesting að verðmæti 13.999- fylgir

37"



FYLGIR



14.297°

Denver DVU-1008 DVD spilari, Superman Returns & Da Vinci Code á DVD fylgja!

6.271

**Tölvu- og tækjalán 36 mán.

13.999

Vaxtalaust 12 mán.

167.988

Staðgreitt

Á vegamótunum í Berlín

Freyja Gunnlaugsdóttir klarinettuleikari býr við líflega götu í miðborg Berlínar. *Kristrún Heiða Hauksdóttir* tók hús á henni og fræddist um borgarlífið, bransann og músíkina.

Berlínarborg er þekkt sem miðpunktur menningarlífs Evrópu og þar er sannkallað gósenland fyrir listþyrst fólk. Þar blómstra myndlist, leiklist og tónlist úr ýmsum áttum í heimsborg með langa sögu og ríkar hefðir sem opnar þó arma sína fyrir nýjum straumum, fólki og tækifærum.

Freyja hefur búið í Berlín í á áttunda ár, hún fluttist ung út til þess að halda þar áfram tónlistarnámi sínu en hún lauk meistara-gráðu í klarinettuleik frá tónlistarháskóla Hanns Eisler árið 2005. Hún segir að borgin hafi breyst töluvert á þessum stutta tíma.

„Fyrst þegar ég kom var borgin eitt vinnusvæði, kranar og vinnuvélar úti um allt. Síðan hafa risið skýjakljúfar og ótal byggingar en landslagið í listunum hefur líka breyst mikið.“

Settlegrí stemning

Andrúmsloftið var líka hlaðið orku endar var mikil gróska í listalífi borgarinnar á þessum tíma. „Það var allt hægt – mikið af listafólki



ÞAÐ ER ALDREI AÐ VITA Á HVERN MAÐUR REKST Í BERLÍN Næturlíf stórborgarinnar tekur á sig ýmsar myndir.

MYND/ INGIMAR HÓLM

fluttist til borgarinnar á þeim tíma og ódýrt var að leigja íbúðir og vinnustofur. Það er einn helsti munurinn á Berlín og öðrum stórborgum eins og til dæmis New York, þar sem lífsgæðakapphlaupið er svo mikið og dýrt að búa.“ Nú segir hún að ástandið hafi róast töluvert með árunum, þó eymi enn af orkunni. „Það er komið jafnvægi á hlutina og stemningin er aðeins settlegrí en um leið hefur listalífið kannski markaðsvæðst meira. Orkan er enn til staðar en borgin er ekki jafn mikið að springa út eins og áður.“

Það voru talsverð viðbrigði fyrir unga stúlku af Nesinu að upplifa Berlín í fyrsta sinn. „Það var allt svo spennandi og stórt til að byrja með, það að heyra Berlínar Filharmoníuna spila í fyrsta sinn var ógleymanlegt, ég hafði aldrei heyrt nokkru þessu líkt.“ Hún viðurkennir að það hafi tekið töluvert á að venjast þessum nýju aðstæðum og komast inn í gamalgróinn tónlistarheim borgarinnar. „Ég efaðist samt ekki um þetta val mitt að verða tónlistarmaður eftir að ég flutti og nú hef ég fundið minn stað í þessu stóra samhengi.“

Með árunum hefur aðkomustúlkan kortlagt sín horn í borginni og Freyja kveðst vera farin að skjóta rótum. „Berlín eru vegamót. Fólk kemur hingað til að læra og finna sig en heldur síðan áfram. Svo eru sumir sem flengjast, eins og ég.“

Fjölbreytnin mikilvæg

Freyja hefur leikið með hljóm-sveitum og kammerhópum í Berlín auk þess sem hún kemur reglulega fram sem einleikari. Hún kveðst síður vilja takmarka sig við eina tegund tónlistar og segist læra mest á því að spila sem fjölbreyttasta tónlist. Þá stundina var hún til dæmis á kafi í hárómantík, á leið að leika í ljóðadagskrá og hugðist svo leggjast yfir nokkrar þungar sönötur.

„Á síðasta ári spilaði ég mikið af nýrri músík og hljóðritaði geisladisk með einleiksverkum fyrir klarinett frá 20. öldinni,“ segir hún. Freyja valdi þá efnis-skrá sem innihélt bæði „klassísk“ verk innan nútímatónlistarinnar og verk sem sérstaklega voru skrifuð fyrir hana. Hún hefur auk þess tekið upp hljómdisk með ítalska cembalomleikaranum Luigi Gaggero.

En starf tónlistarmannsins hlýtur að á köflum að vera dálítið einmanalegt? „Maður eyðir auðvitað óhemju miklum tíma einn inn í herbergi að æfa sig,“ segir Freyja hlæjandi. „En það er allt í lagi þegar maður hefur takmark, mér líður voða vel einni inni í herbergi.“ Freyja áréttar að það sé líka alltaf eitthvað að gerast í menningarlífinu í Berlín og hún sé jafnan dugleg að sækja tónleika. „Það eru svo margar tónlistarstefnur sem hafa gert Berlín að sinni höfuðborg, til dæmis er hér líflæg djassmúsík, en líka electro og techno þó það sé ekki alveg minn tebolli.“

Á MOZART-HÁTÍÐ

Nú síðast lék Freyja Gunnlaugsdóttir á kammermúsíkhátíð í Póllandi en hin árlega Agricola hátíð var að þessu sinni helguð afmæli Mozarts. Þar lék Freyja klarinettukonsert hans ásamt Pólsku kammersveitinni og stjórnaði sveitinni sjálf. „Klarinettukonsert Mozarts er gullfallett verk, hann er síðasta verkið sem Mozart skrifaði fyrir hljómsveit og ef mig minnir ekki síðasta verkið sem hann kláraði áður en hann dó. Mér þykir mjög vænt um þennan konsert en ég spilaði hann á lokaprófinu mínu frá tónlistarháskólanum hér í Berlín og það er gott að koma til baka að verkinu. Engu að síður finnst mér alltaf erfitt að spila Mozart. Tónlistin er svo náttúruleg og einföld, og að sama skapi gegnsæ, það er auðvelt að gera of mikið, maður verður að treysta tónlistinni. Það eru til góðar heimildir um hvernig þessi tónlist var spiluð, það er mikilvægt að þekkja stílinn og söguna. Við erum ábyrg fyrir að koma því áleiðis sem tónskáldið hafði að segja, til þess að geta það verður maður að gera tónverkið að sínu, mannlegar tilfinningar breytast ekki og tónlistin er leið til að túlka tilfinningar.“



Gamall draumur

„Þegar ég var lítil ætlaði ég að læra á saxófón. Það var alveg draumurinn! Ég mætti í tónlistarskólann á Seltjarnarnesi og ætlaði nú aldeilis að byrja að læra. Þá tilkynnti Björn Th. Árnason fagottleikari mér að ég væri með of litla fingur til að spila á saxófóninni. Hann sannfærði mig með miklum fortölum að ég ætti að prófa klarinettuna og síðan gæti ég fengið að skipta eftir eitt til tvö ár. Ég samþykkti það með miklum semingi.“

Freyja flengdist í klarinettunáminu en dreymir þó stöku sinnu um saxófóninn. „Ég er reyndar að byrja að fara í saxófóntíma mér til gamans. Ég vélaði nefnilega saxófón út úr gömlum vini mínum,“ segir hún spök. Það er því aldrei að vita nema hressilegir fönktónar berist út um gluggann í Rosa Luxemburgstrasse.

Freyja segist reyna að koma reglulega heim til Íslands og kveðst gjarnan vilja spila meira þar. „Það er alltaf þínu öðruvísi að spila heima, það skiptir máli þegar maður spilar fyrir fólki sitt – það er persónulegra og oft gaman að hafa alla vini sína í salnum.“

Af sögufólki

„Það var ýmislegt sem hefði legið beinna við en tónlistin,“ segir Freyja um framavalið. „Ég kem til dæmis ekki úr mikilli tónlistarfjölskyldu, fyrir utan afa minn sem var skáld og trúbador.“ Bækur hafa til dæmis fylgt Freyju

Á BAKLAND Í SAGNA-MENNSKUNNI

Freyja segir að ýmislegt hafi legið beinna við en tónlistin.

”

„Ég á auðvelt með að gleyma mér í góðri frásögn og það að segja sögur hefur alltaf verið stór hluti af mínu lífi. Það er mikið sagnafólk í kringum mig og ég býst við að það sé smitandi.“

alla tíð og ber heimili hennar þess skýrt vitni. „Ég var og er alveg ægilegur bókaormur,“ segir hún og hlær. Hún kveðst vera hrifnæm á bækurnar eins og annað en að sama skapi gagnrýnin. „Ég á auðvelt með að gleyma mér í góðri frásögn og það að segja sögur hefur alltaf verið stór hluti af mínu lífi. Það er mikið sagnafólk í kringum mig og ég býst við að það sé smitandi. Ég bjó lengi hjá afa mínum sem var gamall sjóari og hann sagði mér sögur alla mína barnæsku. Þá lærðist mér að hver steinn hefur sína sögu.“

Það bakland hefur reynt Freyju vel, ekki aðeins í túlkun tónlistarinnar heldur líka í óvæntum íhlaupaverkefnum en hún hefur tekið að sér að lóða forvitna íslenska ferðamenn um borgina. „Þar fæ ég útrás í að segja sögur sem kom mér skemmtilega á óvart. Ég á auðvelt með að romsa upp úr mér sukk-sögunum um Weimarlyðveldið og hirð Friðriks mikla. Leiðsögumannastarfið er fyrirtaks tilbreyting frá hinni vinnunni en ég hef reyndar ekki unnið ærlegt handtak síðan ég var átján ára og vann í kjötborðinu í Hagkaup,“ segir Freyja og skellihlær minnug þess að þar fann klarinettukennarinn hana einn daginn við að skera kótelettur og spurði hvað hún væri eiginlega að gera við hendurnar á sér!

Freyja unir glöð við sitt í Berlín en þó blundar í henni flakkari. Starfið hefur líka fært hana til fjarlægari staða en hún hefur haldið tónleika víða um Evrópu og í Bandaríkjunum og aukin heldur kennt á klarinett í Kóreu. „Mér finnst ósköp gaman að koma á nýja staði og fæ enn fiðrildi í magann af tilhugsuninni en mér finnst hræðilegt að ferðast, ég verð agalega flugveik og sjóveik,“ segir hún og kímur. „Það er eitt af því besta við tónlistina að það eru engin takmörk fyrir því hvert hún þeytir manni.“

kristrun@frettabladid.is



Sjálfstætt lofthreinsi og rakataeki

Hreinsar loftið í gegnum vatn og gefur frá sér raka. Margar teg. ilmefna. Einnig lyktareyðir sem fjarlægir t.d. tóbakslykt og matarlykt.

Hrein þjónusta ehf

Dalbraut 3, 105 Rvk
567 7773 - Kvöld og helgar s. 897 2800

Glæsilegt úrval gjafavara fyrir alla fjölskylduna

JÓLAGJAFIRNAR FÆRÐU HJÁ OKKUR!

CELESTRON
 FirstScope 114
 114mm spegilssjónauki
 Jólaverð kr.: 24.900 kr.

Fjöldi aukahluta fyrir alla stjörnsjónauka á frábæru verði.

Solis
 OF SWITZERLAND

Hágæða Espresso kaffivél.
 Jólaverð kr.: 29.900.

ORMSSON SMÁRALIND - STÓRSKEMTILEG VERSLUN

PICKNICK Taska
 í lautarferðina næsta sumar.
 Jólaverð kr.: 8.990.

SAMSUNG

Hágæða digital myndbandsupptökuvél.
 Jólaverð kr.: 39.990.

LEPTO
 THE NOTEBOOK COMPANY

ZEPTO 4015SE Fartölva
 15" XGA, Celeron M370.
 Jólaverð kr.: 99.900.

Heimilislegar og vandaðar jólagjafir.



OLYMPUS

OLYMPUS MJU 725 SW
 7.1 milljón pixlar. Vatnsheld. Höggþétt.
 Jólaverð kr.: 38.900.

Frönsk leirvara. Frábært úrval. Eftirsótt um alla Evrópu.

Emile Henry
 Poterie culinaire

TEFAL

POTTAR OG PÖNNUR Í MIKLU ÚRVALI

Jamie Oliver notar TEFAL eldhúshöld. Kynntu þér úrvalið!

SAMSUNG

SAMSUNG MP3 spillari
 1 Gb með útvarpi.
 Litir: Svartur, grár, silfur og bleikur.
 Jólaverð kr.: 19.900.

SHARP

SHARP XL-UH 220
 Alvöru hljómtækjastæða.
 Jólaverð kr.: 29.900.

Pioneer
 MED FULLKOMNA FORYSTU Í PLASMA-SJÓNVRÖPUM

PIONEER PDP-4270XA 42" PLASMA sjónvarp
 Þetta er það flottasta á markaðnum! - Jólaverð kr.: 359.900.

VEGGSJÓNVRÖP
 Glæsilegt úrval!

SHARP
SAMSUNG
Pioneer
LOEWE.

SAMSUNG

SAMSUNG PS42C7HX
 42" Plasma sjónvarp
 Jólaverð kr.: 249.900.-

Upplausn: 1024x768, Contrast: 10.000:1, HDMI tengi 2 x scart og PC tengi. Sjónsvið: 175° x 175°, Borðstandur fylgir.

Solis
 OF SWITZERLAND

VINSÆLASTA JÓLAGJÖFIN Í ÁR!

Ávaxta- og grænmetis-safapressan frá SOLIS.
 Jólaverð: kr. 15.900.

Pioneer

PIONEER DCS-353 - 5.1 rása heimabíókerfi.
 Kraftmikill 360W RMS magnari
 HDMI útgangur skilar stafrænni mynd og hljóði alla leið.
 Spilar öll DVD svæði, MP3, JPEG og DivX.
 Jólaverð: 49.900.-

3ja ára ábyrgð! PIONEER-ORMSSON



HÁTÍÐ ER Í BÆ!

ORMSSON

SMÁRALIND · SÍMI 530 2900

www.ormsson.is

EMBRACING



HALSMEN • VISKA

● Gallery Kynnisferðir, Nordica hotel

● Hjá Torfa gullsmíðaverslun, Laugavegi 71, Reykjavík

TÆKNIVIT OG SKAPANDI HUGSUN

Guðný Káradóttir er framkvæmdastjóri Gagarín, leiðandi fyrirtækis í heimi margmiðlunar á Íslandi

ATVINNA 6



allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ



Svona erum við:

Alcan á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf, þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, endurgjöf á frammistöðu og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar.

Við setjum umhverfis-, öryggis- og heilbrigðismál í öndvegi og höfum stöðugar umbætur á verkferlum og aðferðum að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið og samfélagið allt, sem við erum hluti af.

VERKFRÆÐINGUR

Alcan á Íslandi óskar eftir að ráða verkfræðing í framleiðslustjórnun. Viðkomandi starfsmaður verður einn þeirra verkfræðinga sem hafa umsjón með framleiðsluferli kerskála. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf hjá fjölbjóðlegu fyrirtæki.

Starfssvið

- Þróun vinnuaðferða
- Eftirlit með verkferlum
- Skipulagning starfa
- Náð samstarf við aðra hópa innan rafgreiningar og önnur svið fyrirtækisins

Menntunar- og hæfniskröfur

- Verkfræði- eða raungreinamenntun
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Færni í mannlegum samskiptum
- Greiningarhæfni
- Góð ensku- og tölvukunnátta

Umsjón með ráðningu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfðanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 27. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Landsvirkjun

Landsvirkjun er í hópi stærstu fyrirtækja landsins með heildareignir sem nema um 230 milljörðum króna og ársvelta er um 17 milljarðar. Forgangsverkefni Landsvirkjunar eru þátttaka í breytingum á skipulagi orkumála, þróun vöru og þjónustu til að tryggja stöðu Landsvirkjunar á orkumarkaði og efling gæða- og umhverfisstjórnunar. Áhersla er lögð á stjórnun mannafla og þekkingar, fjölskylduvænt starfsumhverfi, jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

SÉRFRÆÐINGUR Á REKSTRARDEILD ORKUSVIÐS

LANDSVIRKJUN óskar eftir að ráða sérfræðing á viðskiptaborð orkusviðs. Verkefni viðskiptaborðs eru aðallega umsjón með daglegum rekstri rafmagnsviðskipta í samræmi við ný raforkulög, skipulagning á samrekstri aflstöðva Landsvirkjunar og uppgjör rafmagnskaupa og rafmagnssölu. Viðskiptaborð heyrir undir rekstardeild orkusviðs.

Helstu verkefni eru

- Skipulagning á samrekstri aflstöðva Samræming á viðhaldi í aflstöðvum og skipulagning rafmagnsframleiðslu
- Samskipti við innri og ytri viðskiptavini
- Daglegur rekstur rafmagnsviðskipta
- Orkuuppgjör vegna rafmagnskaupa og rafmagnssölu

Menntunar- og hæfniskröfur

- Rafmagnsverkfræðingur á raforkusviði
- Frumkvæði, skipulagsgáfa og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Haldgöð tölvuþekking á tæknisviði
- Hæfni í mannlegum samskiptum ásamt þjónustulund

Í boði er

- Fyrirmyndar starfsaðstaða og góður vinnuandi
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- Tækifæri til starfsþróunar

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 27. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar Lausar stöður

Áslandsskóli (585 4600 leifur@aslandsskoli.is)
Kriúási 1
Myndmenntakennari/textilkennari v/barnsburðarleyfis

Engidalsskóli
(555 4433/664 5867 audur@engidalsskoli.is)
v/Breiðvang
Kennsla yngri nemenda vegna forfalla

Hraunvallaskóli
(590 2800 hraunvallaskoli@hraunvallaskoli.is)
Drekavöllum 9
Almenn kennsla á yngsta stigi
Almennt starfsfólk skóla
Um er að ræða hlutastörf og heilar stöður
(sjá heimasíðu skólans)

Hvaleyrarskóli (565 0200 helgi@hvaleyarskoli.is)
Akurholti 1
Umsjónarkennari í 9. bekk frá áramótum
(ísl., enska, stærðfræði)
Enskukennsla e. áramót
Skólaliði (50%)
Starfsmaður í frístundaheimili (50%)

Setbergsskóli (565 1011 gudosk@setbergsskoli.is)
v/Hlíðarberg
Skólaliði

Víðistaðaskóli (595 5800 sigurdur@vidistadaskoli.is)
v/Hrauntungu
Kennsla í sérdeild
Skólaliði

Öldutúnsskóli (555 1546 herla@oldutunsskoli.is)
v/Öldutún
Kennari/eða þroskaþjálfari í sérdeild f. unglunga
Íþróttakennari (hlutastarf)
Skólaliði

Arnarberg (555 3493 arnarberg@hafnarfjordur.is)
Haukakrauni 2
Leikskólakennarar
Almennt starfsfólk

Álfaberg (555 3021 alfaberg@hafnarfjordur.is)
Álfaskeiði 16
Leikskóli fyrir 5 ára börn
Leikskólakennari
Annað uppeldismenntað starfsfólk

Álfasteinn (555 6155 alfasteinn@hafnarfjordur.is)
Háholti 17
Myndlistakennsla
Leikskólakennari með áherslu á elstu börnin
Annað uppeldismenntað starfsfólk
Aðstoð í eldhúsi f. hádegi

Hlíðarberg (565 0556 hlidarberg@hafnarfjordur.is)
Hlíðarbergi 1
Leikskólakennari

Hvammur (565 0499 hvammur@hafnarfjordur.is)
Staðarhvammi 23
Leikskólakennarar

Hörðuvellir (664 5845 horduvellir@hafnarfjordur.is)
Tjarnarbraut 30
Leikskólakennari

Smáralundur (565 4493 smaralundur@hafnarfjordur.is)
Smárabarði 1
Leikskólakennarar/uppeldismenntað starfsfólk

Tjarnarás (565 9710 tjarnaras@hafnarfjordur.is)
Kriúási 2
Leikskólakennari frá áramótum
(sjá heimasíðu leikskólans/tjarnaras/)

Vesturkot (565 0220 vesturkot@hafnarfjordur.is)
Miklaholti 1
Leikskólakennarar
Starfsmenn með aðra uppeldismenntun

Víðivellir (555 2004 vidivellir@hafnarfjordur.is)
Miðvangi 39
Leikskólakennarar

Allar upplýsingar um störf gefa skólastjórar
viðkomandi skóla.

Sjá einnig nánar á heimasíðum skólanna.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störf.

Fræðslustjórnin í Hafnarfirði



HAFNARFJÖRDUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJÖRDAR!
Hafðu samband og fðu frekari
upplýsingar um Hafnarfjörð og
margvíslega starfsemi á vegum
svæitarfélagsins hjá þjónustuveri
bæjarins í síma 585 5500 og á
heimasíðunni www.hafnarfjordur.is



Reykjavíkurborg



Sviðsstjóri Menntasviðs

Borgarstjórnin í Reykjavík auglýsir lausa til umsóknar stöðu sviðsstjóra Menntasviðs

Hlutverk og ábyrgðarsvið

- Ber ábyrgð á stjórnun, rekstri, daglegri yfirstjórn og sam-
hæfingu starfskrafta Menntasviðs í umboði menntaráðs.
- Hefur frumkvæði og stýrir stefnumótunarvinnu í
málaflokknum.
- Forysta í þróun nýrra hugmynda og innleiðinga nýrra
hugmynda í málaflokknum.
- Undirbýr mál fyrir menntaráð og ber ábyrgð á eftirfylgni
með ákvörðunum ráðsins.
- Ber ábyrgð á starfs- og fjárhagsáætlun Menntasviðs.
- Tekur þátt í samstarfi yfirstjórnar borgarinnar.
- Leiðir samstarf við aðra opinbera aðila í málefnum sviðsins
innanlands og utan.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun
sem nýtist í starfi æskileg.
- Þekking og reynsla af stjórnun, rekstri og mannaforráðum.
- Þekking og reynsla af stjórnun menntastofnana æskileg.
- Leiðtogaþæfileikar, skipulagshæfni og frumkvæði.
- Þekking og reynsla af stefnumótunarvinnu.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu, einkum
sveitarfélaga, æskileg.

- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hæfni í að koma fram og tjá sig bæði í tali og
í skrifuðu máli.
- Hæfni til að tjá sig á ensku og einu norrænu tungumáli.

Borgarráð ræður í starfið að fenginni tillögu borgarstjóra. Borg-
arstjóri er yfirmaður sviðsstjóra Menntasviðs. Um laun og önnur
starfskjör fer samkvæmt reglum um réttindi og skyldur stjórn-
enda hjá Reykjavíkurborg og ákvörðun kjaranefndar Reykja-
víkurborgar. Umsóknnum skal skilað til skrifstofu borgarstjóra í
síðasta lagi 5. janúar n.k. merkt "Sviðsstjóri Menntasviðs".

Upplýsingar um starfið veitir Magnús Þór Gylfason, skrifstofu-
stjóri borgarstjóra, og Kristbjörg Stephensen, starfandi borg-
arritari.

*Hlutverk Menntasviðs er að veita börnum og unglingum
í borginni bestu mögulegu menntun á hverjum tíma og að
vera faglegt forystuafli í menntamálum á vegum Reykjavík-
urborgar. Í því felst undirbúningur stefnumótunar í menntar-
málum, áætlanagerð, samhæfing og samþætting á sviðinu,
eftirlit og mat á árangri og þróun skólastarfs. Menntasvið ber
einnig ábyrgð á fullorðinsfræðslu á vegum Reykjavíkurborgar,
samningum við einkarekna skóla og samskiptum við önnur
skólastig.*

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



Reykjavíkurborg

MENNTASVIÐ REYKJAVÍKUR

Laus störf í leikskólum

Deildarstjóri

- **Ásborg**, Dyngjuvegur 18, sími 553-1135.

Leikskólakennari/leiðbeinandi

- **Brekuborg**, Hlíðarhúsum 1, sími 567-9380.
- **Garðaborg**, Bústaðavegi 81, sími 553-9680.
- **Gullborg**, Rekagrandu 14, sími 562-2455.
- **Hlíðaborg**, Eskihlíð 19, sími 552-0096.
- **Jörfi** v/Hæðargarð, sími 553-0347.
- **Klettaborg**, Dyrhömrum 5, sími 567-5970.
- **Kvarnaborg**, Árkvörn 4, sími 567-3199.
- **Laufásborg**, Laufásvegi 53, sími 551-0045.
- **Lækjaborg**, v/Leirulæk, sími 568-6351.
- **Rauðaborg**, Viðarási 9, sími 567-2185.
- **Seljakot**, Rangárseli 15, sími 557-2350.
- **Skógarborg**, Efstalandi 28, sími 553-1805.
- **Vesturborg**, Hagamei 55, sími 552-2438.
- **Völvuborg**, Völvufelli 7, sími 557-3040.

Yfirmaður í eldhúsi

- **Hulduheimar**, Vættaborgum 11, sími 586-1870.
- **Laufásborg**, Laufásvegi 53, sími 551-0045.

Aðstoð í eldhúsi

- **Hulduheimar**, Vættaborgum 11, sími 586-1870.

Nánari upplýsingar um þessi störf veita leikskólastjórar í
viðkomandi leikskólum. Einnig veitir Starfsmannaþjónusta
Menntasviðs upplýsingar í síma 411 7000. Laun eru sam-
kvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi

stéttarfélög. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar um
laus störf er að finna á www.menntasvid.is

Laus störf í grunnskólum

Austurbæjarskóli, sími 411-7200.

• Námsráðgjafi.

Ingunnaraskóli, sími 411-7828.

• Íþróttakennari vegna fæðingarorlofs.

• Forfallakennari.

• Skólaliðar.

• Stuðningsfulltrúar.

• Ræstingar síðdegis.

Langholtsskóli, sími 553-3188.

• Kennari í 6. bekk og náttúrufræði á unglingsstigi frá
áramótum.

• Stuðningsfulltrúar.

• Skólaliðar.

Réttarholtsskóli, sími 553-2720.

• Kennari í náttúrufræði í 75% stöðu.

Vogaskóli, sími 553-2600.

• Umsjónarkennari í 7. bekk vegna forfalla.

Öskjuhlíðarskóli, sími 568-9740.

• Kennari.

• Proskapjálfi.

• Stuðningsfulltrúar.

Frekari upplýsingar um hverja stöðu og umsóknarfresti
er að finna á heimasíðu Menntasviðs, www.menntasvid.is.
Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar
í viðkomandi skólum. Laun eru skv. kjarasamningi
Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög.

**Öll laus störf í leik- og grunnskólum eru auglýst á
www.menntasvid.is**

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



FRAMKVÆMDASTJÓRI Í DANMÖRKU



Öflun ehf. rekur Apple verslanir og söluskrifstofur á öllum Norðurlöndunum undir merkinu Humac (á Íslandi Apple IMC). Höfuðstöðvar félagsins eru í Reykjavík og er heildarfjöldi starfsmanna tæplega 200. Við leitum nú að framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur Humac A/S í Danmörku. Reksturinn í Danmörku samanstendur af átta verslunum, þremur söluskrifstofum, þjónustudeild og stjórnunareiningu. Hjá Humac A/S starfa 60 manns.

Nánari upplýsingar er að finna á: <http://www.humac.dk>

Öflun ehf. leitar að framkvæmdastjóra í Danmörku. Skilyrði er að viðkomandi verði búsettur á Kaupmannahafnarsvæðinu.

Starfssvið

- Stjórnun starfseminnar í Danmörku
- Stefnumótun og áætlanagerð
- Upplýsingagjöf til móðurfélags

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun
- Reynsla af stjórnun fyrirtækis
- Þekking á dönsku starfsumhverfi
- Góð dönsku- og enskukunnátta

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Herdis Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 17. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



SPENNANDI STÖRF

Vegna aukinna umsvifa Apple IMC á Íslandi ætlum við að bæta við fólki.

Apple IMC er skemmtilegur vinnustaður þar sem fram fer sala, innflutningur, þróun og þjónusta á vörum frá Apple. Uppgangur Apple á heimsvísu hefur vart farið framhjá neinum og nú gefst einstakt tækifæri til að slást í góðan hóp á vinnustað sem iðar af lífi.

Tæknimaður á þjónustusviði
Við erum að leita að þjónustulunduðum og skipulögðum einstaklingi sem hefur gaman að því að aðstoða fólk við að leysa úr hvers kyns vanda.

Starfssviðið eru almennar viðgerðir á verkstæði, símaþjónusta við viðskiptavini og uppsetning á nýjum búnaði.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Framúrskarandi þjónustulund
- Frumkvæði, áreiðanleiki og jákvætt viðmót
- Góð framkoma og hæfileiki til að starfa í samhentum hópi
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Þekking og reynsla á tölvuviðgerðum

Sölumaður á fyrirtækjasviði
Starfið snýst um sölu á lausnum til fyrirtækja og stofnanna með tilheyrandi heimsóknnum, samningagerð og eftirfylgni.

Menntun og hæfniskröfur:

- Reynsla af sölumennsku nauðsynleg
- Haldbær þekking á tölvum og hugbúnaði
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Árangursdrifni og metnaður í starfi

Umsjón með starfinu hafa Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun.yr.arnadottir@capacent.is) og Sigurður J. Eysteinnsson (sigurdur.eysteinnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 17. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Leikskólinn Stekkjarás



Leikskólinn Stekkjarás, Ásbraut 4 í Hafnarfirði er tveggja ára gamall leikskóli og í skólanum er horft til hugmyndafræði Reggio Emilia. Leikskólinn er átta deilda og starfræktur í glæsilegu húsnæði.

Aðstaða er einstaklega góð og starfið í mikilli þróun.

Í Stekkjarás vantar áhugasamt starfsfólk sem tilbúið er að taka þátt í skemmtilegu uppeldisstarfi í anda Reggio Emilia.

Eftirtaldir stöður eru lausar til umsóknar:

Deildarstjóri

Leikskólakennarar

Leikskólasérkennari/þroskaþjálfari
eða starfsmaður með sambærilega menntun

vegna sérstuðnings við barn

Um er að ræða heilsdags- og hlutastöður.

Nánari upplýsingar gefur leikskólastjóri, Alda Agnes Sveinsdóttir í síma 517- 5920/664- 5862 og einnig er hægt að sækja um störfina á heimasíðu skólans leikskolinn.is/stekkjaras.

Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðarbæjar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um störfina.



VELKOMIN TIL HAFNARFJARDAR!
Hafðu samband og faðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

Café 17

Laugavegi 91

Óskum eftir starfsmanni í fullt starf á Café 17.

Café 17 er rólegt kaffihús í Galleri húsinu, Laugavegi 91.

Vinnutími er 9-18 virka daga og suma laugardaga.



Umsóknir skilist á netfangið helga@ntc.is eða á skrifstofu efstu hæð Laugavegi 91

NTC

s. 512 1700 - www.ntc.is



Reykjavíkurborg



Skólastjóri Vogaskóla

Laus er staða skólastjóra við Vogaskóla í Reykjavík.

Í skólanum eru 390 nemendur í 1. - 10. bekk og við hann starfa tæplega 60 starfsmenn. Vogaskóli hóf starfsemi sína 1958. Verið er að byggja við skólann og stefnt er að því að taka nýbyggingu hans í notkun í lok þessa skólaárs. Nýbyggingin er hönnuð út frá hugmyndum um einstaklingsmiðað nám þar sem opin rými, samvinna, samkennd og öflugt samstarf verður kjarni skólastarfsins.

Reykjavíkurborg leggur áherslu á þróun skóla í átt til einstaklingsmiðaðs náms, samvinnu nemenda, sterka sjálfsmynd þeirra og skóla án aðgreiningar. Auk þess er lögð áhersla á að styrkja tengsl skóla við grenndarsamfélagið og sjálfstæði skóla. Í Vogaskóla er sérstök áhersla lögð á vellíðan nemenda, góðan námsárangur og lýðræðislega þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra í skólastarfinu. Vogaskóli er móðurskóli í nemendalýðræði, lífsleikni og mannréttindafræðslu. Í haust hófst þar vinna við innleiðingu Olweusaráætlunarinnar gegn einelti.

Meginhlutverk skólastjóra er að:

- Vera leiðtogi skólans og veita faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Stýra og bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans

Menntunar- og farnikröfur:

- Kennaramenntun
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar, uppeldis- eða

kennslufræði

- Stjórnunarhæfileikar og reynsla af stjórnun
- Fjölbreytt reynsla af kennslu og vinnu með börnum og unglingum
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Staðan er laus frá og með 1. mars 2007

Umsóknnum fylgi yfirlit yfir nám og störf og gögn er varða frumkvæði á sviði skólamála, greinargerð um hugmyndir umsækjenda um framkvæmd skólastarfsins, auk annarra gagna er málið varðar.

Umsóknarfrestur er til 8. janúar 2007.

Umsóknir sendist Menntasviði Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík eða með tölvupósti á starfsumsoknir.menntasvid@reykjavik.is.

Nánari upplýsingar gefa Ingunn Gísladóttir, starfsmannastjóri ingunn.gisladdottir@reykjavik.is og Anna Kristín Sigurðardóttir, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu, anna.kristin.sigurdardottir@reykjavik.is, í síma 411-7000.

Laun eru skv. kjarasamningi KÍ og Launanefndar sveitarfélaga.

Frekari upplýsingar um skólann og skólastarfið er að finna á heimasíðu Vogaskóla á <http://www.vogaskoli.is/>

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Góðir hönnuðir,

Pipar auglýsingastofa óskar eftir að ráða grafíska hönnuði til starfa sem fyrst. Ef þú vilt slást í hóp framsækinnar og ólíkra einstaklinga sem takast á við fjölbreytt, alþjóðleg og krefjandi verkefni þá höfum við áhuga á að hitta þig yfir kaffibolla.

Umsóknir skulu sendar á umsokn@pipar.is eða með pósti merktar „Halla Guðrún Mixa“ fyrir 15. desember næstkomandi. Fyllsta trúnaðar verður gætt í meðferð umsókna.

STARFSLÝSING

- Hönnun og umsjón með auglýsingum
- Gerð auglýsingaefnis, bæklinga og markpósts
- Hugmyndavinna og þátttaka í auglýsinga- og markaðsberferðum
- Þátttaka í stefnumótun og vörumerkja mynd
- Hönnun fyrir vef og grafíkvinna fyrir sjónvarp

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf í grafískri hönnun eða sambærilega menntun
- Starfsreynsla er æskileg
- Frumkvæði, metnaður, fjölbærni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Að geta haft mörg járn í eldinum samtímis

Hjá Pipar auglýsingastofu starfa sérfræðingar á sviði sjónvarps- og útvarpsauglýsinga, almannatengsla, prenthönnunar, vefhönnunar, markaðsráðgjafar, viðburðastjórnunar ásamt birtingaþjónustu í samvinnu við Auglýsingamiðlun. Stofan tekur jafnt að sér heildræna sem afmarkaða þjónustu, allt eftir edli viðskiptavina og verkefna. Stofan starfar mikið að alþjóðlegum verkefnum og hefur innanborðs starfsfólk frá mörgum þjóðlöndum. Breidd þeirrar þjónustu sem stofan veitir er þess vegna með því besta sem gerist á auglýsingamarkaðnum.

PIPAR

Pipar auglýsingastofa
Tryggvagötu 17 / Hafnarhúsinu / 101 Reykjavík
sími 552 9900 / www.pipar.is



Reykjavik
Excursions
KYNNISFERÐIR

Vaktstjóri - verkstjóri

Um er að ræða umfangsmikið, fullt starf og sóst er eftir einstaklingi sem getur hafið störf sem fyrst. Unnið er á vöktum. Eiginleikar sem umsækjendur þurfa að búa yfir og hafa tileinkað sér eru m.a.:

- Miklir skipulagshæfileikar og útsjónarsemi
- Jákvæð samskipti við samstarfsmenn og viðskiptavini
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð tölvukunnátta
- Góð kunnátta í íslensku og ensku
- Jákvætt lífsviðhorf og vilji til góðra verka

Umsóknir sendast til Kynnisferða ehf., Vesturvör 6, 200 Kópavogi fyrir kl. 17:00, 15. desember 2006, merktar „Vaktstjóri 2006“. Einnig er hægt að senda umsóknir á netfangið sigrídur@re.is. Umsækjendur fá senda starfslýsingu og staðfestingu á að umsókn hafi borist. Haft verður samband aftur við alla sem sækja um, eftir að umsóknarfrestur er runninn út.

Vélstjóri í landi

Hamrafell ehf óskar eftir því að ráða vélstjóra til þess að sinna viðhaldi og viðgerðum. Jafnframt mun starfið felast í að sjá um viðhald skips fyrirtækisins í landlegum.

Upplýs. í síma 565 0830 og á Hamrafell@hamrafell.is

VIÐ HJÁ BIRTÍNGI ÚTGÁFUFÉLAGI LEITUM AÐ DUGLEGU OG KRAFTMIKLU FÓLKI Í KVÖLDSÖLU.

Starfslýsing:

Vinnutíminn er frá 18.00 til 22.00 og starfsmenn vinna að meðaltali 2-4 kvöld í viku. Góð árangurstengd laun og launatrygging í boði. Þjóðum upp á leiðbeiningar og aðstoð í öllum verkefnum.

Æskilegir eiginleikar:

- Vilji til að ná árangri og verða góður sölumaður
- Heiðarleiki
- Stundvísi

Nánari upplýsingar fást hjá Ingu Huld Hermóðsdóttir, starfsmannastjóra í síma 515 5500 eða í tölvupósti ingahuld@birtingur.is - www.birtingur.is

BIRTÍNGUR
ÚTGÁFUFÉLAG

Lausar stöður við Náttúruleikskólann Krakkakot Álftanesi.



Deildarstjórastaða og stöður leikskólakennara á deild.

Ef ekki fást leikskólakennarar til starfa eru ráðnir starfsmenn með aðra uppeldismenntun og eða reynslu.

Umsóknareyðublöð er að finna á alftanes.is.

Nánari upplýsingar gefur Hjördís Ólafsdóttir leikskólastjóri í síma; 5651388 eða 8215006

Náttúruleikskólinn Krakkakot er sex deilda heimilislegur og hlýlegur leikskóli.

Aðaláherslur í starfi okkar er frjálfs leikur þar sem leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfinu. Auk þess er náttúran og umhverfismennt í brennidepli og hefur leikskólinn nú þegar flaggað Græn fána Landverndar.

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

Spennandi starf

í nýrri og breyttri Habitat verslun

Við leitum eftir jákvæðu, glaðlegu og duglegu fólki í fullt starf og hlutastarf.

Allir starfsmenn fá Habitat fræðslu- og sölupjálfun.

Vertu með í skemmtilegu og skapandi starfsumhverfi.

Umsóknir sendist á habitat@habitat.is

habitat

Askalind 1, 201 Kópavogur Sími 568 9700 www.habitat.net

VIÐSKIPTASTJÓRI

Prentsmiðjan Oddi sem er öflugt sölu- og markaðsfyrirtæki óskar eftir viðskiptastjóra til starfa. Hlutverk viðskiptastjóra er í meginatriðum að stýra og viðhalda viðskiptatengslum á markaði. Í boði er spennandi framtíðarstarf hjá traustu fyrirtæki.

Starfssvið:

- Samskipti við viðskiptavini
- Sala, ráðgjöf og eftirfylgni
- Samningagerð
- Gerð og framkvæmd viðskiptaáætlana
- Þátttaka í markaðsmálum

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sambærilegu starfi skilyrði
- Þekking á útgáfumálum kostur
- Góð samskiptahæfni
- Sölu- og samningatækni

Áhugasömum er bent á að fylla út umsókn á heimasíðu Ráðningarþjónustunnar www.radning.is og sækja þar sérstaklega um starfið.



Umsóknarfrestur er til og með 21. desember nk.

Umsjón með starfinu hefur
Sigrún Edda Eðvarðsdóttir, sigrunedda@radning.is



RÁÐNINGAR
ÞJÓNUSTAN



„Við stelpurnar finnum ekki fyrir því að þetta sé karlaheimur,” segir Guðný Káradóttir, framkvæmdastjóri margmiðlunarfræðisins Gagarín. FRETTLADID/ANTON

Tæknivit og skapandi hugsun

Guðný Káradóttir starfar sem framkvæmdastjóri Gagarín sem er leiðandi fyrirtæki í heimi margmiðlunar á Íslandi.

Saga Gagarín nær aftur til ársins 1994 en frá 1996 hefur fyrirtækið sérhæft sig í hönnun og framleiðslu á staf-rænu efni fyrir gagnvirka margmiðlun. „Við höfum meðal annars hannað kortavefsjá fyrir ja.is og á Reykjavíkurfefnum auk þess sem við höfum útbúið stór margmiðlunarverkefni á sýningum í Þjóðminjasafninu og víðar,” segir Guðný Káradóttir, framkvæmdastjóri Gagarín, sem starfað hefur hjá fyrirtækinu frá árinu 2000.

„Ég kom inn í markaðsmál fyrirtækisins til að byrja með og varð framkvæmdastjóri árið 2001,” segir Guðný sem starfaði áður sem kynningarstjóri hjá Eimskipi og þar á undan hjá Útflutningsráði. Guðný segir að tækifærið til að vinna hjá Gagarín hafi verið kærkomið. „Það að koma inn í svona fyrirtæki sem er að byggja upp og skapa sína sérstöðu er alveg frábært og ég myndi ekki vilja skipta yfir í meira rútínustarf.“

Guðný segir frábært að byggja upp fyrirtæki í margmiðlunarheiminum og skemmtilegt að vinna í fyrirtæki sem sé í stöðugri þróun. Þá sé mikið að gera í þessum bransa. Nokkur verkefna Gagarín hafa fengið mjög góða dóma. Til að mynda sýningin Reykjavík 871 í Aðal-

stræti sem Gagarín hannaði nýlega margmiðlunarefnið í.

Guðný segir mikla vaxningu hafa orðið á þessu sviði að undanförmu. „Ég held að Íslendingar séu í fararbroddi varðandi margmiðlun í stærri sýningum,” segir hún og bætir við að þróunin í hugbúnaði sé mikil og hröð og starfsmenn Gagarín reyni ávallt að skoða nýjar leiðir til að gera betur. „Við erum með frábæran hóp af fólki sem er alltaf á tánum. Það hefur mikinn metnað og við höfum þá stefnu að vinna alltaf miðað við það sem best gerist,” segir hún ákveðið en alls vinna átta manns hjá Gagarín, þrjár konur og fimm karlar. „Við stelpurnar finnum ekki fyrir að þetta sé karlaheimur enda er forritarinn okkar í stærstu verkefnum kvenmaður. Þá erum við með einn besta viðmótshönnuð á landinu sem hefur unnið til fjölda verðlauna og hún er kvenmaður,” segir Guðný. Til að mynda var skjarinn.is sem unninn var í Gagarín valinn besti afþreyingarvefurinn árið 2005. Þá hafa bæði verkefni sem unnin voru fyrir Þjóðminjasafnið og landnámsbæinn Hofstaði Garðabæ hlotið verðlaun auk þess sem Gagarín hlaut Nýmiðlunarverðlaun Sameinuðu þjóðanna 2005 í menningar-efni á Íslandi.

„Við erum í sérstakri stöðu því við liggjum á milli þess að vera hreinræktað hugbúnaðarfyrirtæki og skapandi fyrirtæki,” segir Guðný sem telur að íslensk fyrirtæki ættu í meiri mæli að horfa til hönnunarþátta.

solveig@frettladid.is

Hækkun framundan

ALMENN LAUNAHÆKKUN ER Í VÆNDUM Í HELSTU KJARASAMNINGUM SAMTAKA ATVINNULÍFSINS.

Samkvæmt frétt á vef Samtaka atvinnulífsins, www.sa.is, mun almenn launahækkun í helstu aðalkjarasamningum samtakanna við stéttarfélag og landsamtök verða 2,9 prósent um næstu áramót. Margir kauptaxtar hækkja þó umfram almennu lágmarkshækkunina, sérstaklega í kjarasamningum iðnaðarmanna.



Von er á launahækkun í helstu kjarasamningum Samtaka atvinnulífsins. FRETTLADID/HEIDA



HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

Sjúkrahúsið Vogur óskar eftir hjúkrunarfræðing til starfa þarf að getað tekið næturvaktir. Áhugasamir hafi samband við Þóru Björnsdóttur hjúkrunarforstjóra thora@saa.is eða í síma 8247615.



Polfimikennari/ pallakennari

Árbæjarprek auglýsir eftir þolfimikennara/pallakennara 2-4 tíma í viku. Upplýsingar í síma 5676471 eða 8615718.



Jólabréfberar og framtíðarbréfberar

Íslandspóstur óskar eftir bréfberum til starfa í desember og/eða til framtíðar. Hægt er að ráða sig tímabundið til starfa fram að jólum, tilvalið fyrir skólafólk. Það er líf og fjör og nóg að gera hjá Póstinum fyrir jólin. Einnig er hægt að ráða sig til framtíðar. Vinnutíminn er breytilegur eða eftir samkomulagi. Um er að ræða bréfberastörf víða á höfuðborgarsvæðinu.

Við bjóðum upp á hressandi störf fyrir fólk á öllum aldri við flokkun og útburð á pósti. Ef þú vilt stunda holla og góða hreyfingu og fá greitt fyrir sæktu þá um.

Allar nánari upplýsingar fást í síma 580 1000 og á netfanginu postur@postur.is Einnig er hægt að sækja um starf á www.postur.is



Grundarfjarðarbær

Starf aðalbókara og ritara

Grundarfjarðarbær auglýsir starf aðalbókara og ritara á skrifstofu bæjarins laust til umsóknar.

Aðalbókari og ritari sér um og annast vinnu við bókhald og fjárreiður bæjarins og stofnana hans í samstarfi við aðra starfsmenn á skrifstofunni og skrifstofustjóra, aðstoðar við uppgjör og tekur þátt í öðrum störfum á skrifstofunni svo sem umsjón með heimasíðu, aðstoð við nefndir, bréfaskriftir fyrir nefndir og bæjarstjórn, kemur að launavinnslu o.fl. Næstu yfirmenn eru skrifstofustjóri og bæjarstjóri. Starfið er fjölþætt og er eitt stöðugildi.

Grundarfjörður er framsækið sveitarfélag þar sem búa tæplega eitt þúsund íbúar. Góð þjónusta er í bænum, þ.á m. fjölbrautaskóli, grunn- og leikskóli, tónlistarskóli, heilsugæsla, verslanir, ýmis önnur þjónusta, verktakafyrirtæki og íþróttaaðstaða. Umhverfi og náttúrufegurð við Breiðafjörðinn eru víðkunn og rómuð.

Hæfniskröfur: Leitað er að einstaklingi sem er skipulagður og agaður í störfum og sem hefur mikla hæfileika til góðra mannlegra samskipta. Æskilegt er að viðkomandi hafi háskóla-menntun sem nýtist í starfinu, en góð reynsla af sambærilegu starfi kemur einn-

ig til greina. Viðkomandi þarf að búa yfir góðri þekkingu og færni í tölvuvinnslu. Starfsmaðurinn hefur samstarf við alla starfsmenn og stjórnendur bæjarins og einnig eru mikil samskipti við íbúana. Leiðbeint og aðstoðað verður við húsnæðisleit ef þörf er á því.

Umsóknarfrestur er til og með 19. desember 2006. Umsóknnum, ásamt upplýsingum um menntun og ferilskrá (CV) skal skila til skrifstofu Grundarfjarðarbæjar merktar "Starf aðalbókara og ritara". Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu í starfið.

Bæjarstjóri veitir frekari upplýsingar um starfið í s. 430-8500 eða á skrifstofu Grundarfjarðarbæjar að Grundargötu 30 í Grundarfirði.

Tölvupóst má senda á: bajarstjori@grundarfjordur.is Heimasíða: www.grundarfjordur.is

Bæjarstjóri Grundarfjarðar.



Einar Björgvin hefur gaman af vinnunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fylgist með tíðarandanum

Einar Björgvin Davíðsson er búinn að finna sig í auglýsingabransanum.

Þrátt fyrir ungan aldur er Einar Björgvin Davíðsson búinn að láta til sín taka í auglýsinga- og fjölmiðlaheiminum en hann er einungis 25 ára gamall. „Ég byrjaði að vinna fyrir Sirkus tímaritið þegar það kom fyrst út og færði mig síðan yfir í sjónvarpsauglýsingarnar en í dag vinn ég sem markaðsráðgjafi fyrir Sirkus TV. Ég er búinn að vinna hérna í rúmt eitt og hálf ár og mér finnst þetta vera frábær vinna. Alltaf eitthvað nýtt og spennandi að gerast og hver dagur er frábrugðinn,“ segir Einar Björgvin.

Starf Einars felst í því að selja sjónvarpsauglýsingar fyrir Sirkus sjónvarpsstöðina og vera í góðu sambandi við auglýsendur. „Fyrir auglýsendur sem auglýsa í sjónvarpinu reyni ég að mæla með bestu þáttunum, reyni að finna út bestu lausnina fyrir þá.“

Í svona vinnu þarf Einar

að fylgjast vel með tíðarandanum. „Við reynum að höfða til yngri markhópa frá aldrinum 18 til 33 ára. Maður þarf líka að fylgjast með hvað neytendur vilja, hvað er inn og hvað ekki.“

En er þetta mikið stress? „Nei í raun og veru ekki. Það koma auðvitað dagar þar sem brjáláð er að gera en maður þarf bara að vera vel skipulagður eins og í öllum öðrum vinnum.“

Eins og flestir vita er Sirkus TV frekar ung sjónvarpsstöð og er Einar búinn að taka þátt í uppbyggingu hennar. Hann segir að það sé búið að vera einstaklega gaman að vera hluti af Sirkus hópnum.

Einar er ekki menntaður markaðsráðgjafi. Hann er hefur leitt hugann að því að setjast á skólabeck seinna meir en eins og margir á hans aldri langar hann að fara í skóla erlendis. „Draumurinn er að fara til New York seinna meir en í augnablikinu er það vinnan mín sem á hug minn allan,“ segir þessi hressi strákur.

olihjortur@frettabladid.is

Tillaga um hækkun bóta

Félagsmálaráðuneytið leggur til að atvinnuleysisbætur hækki um 2,9 prósent um áramótin en ekki 2,25 eins og áður var ákveðið.

Lög um atvinnuleysistryggingar gera ráð fyrir að fjárhæð grunnatvinnuleysisbóta komi til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála.

Þar sem ljóst er að launamenn innan ASÍ, opinberir starfsmenn og fleiri fá 2,9% launahækkun þann 1. janúar í stað 2,25% eins og gert hafði verið ráð fyrir í kjarasamningunum, hefur félagsmálaráðuneytið gert tillögu um að atvinnuleysisbætur hækki einnig um 2,9% um áramótin í stað 2,25% eins



Atvinnulausir fá bætur í hlutfalli við almenna launamenn.

og ríkisstjórnin gerði ráð fyrir í mars 2004, í tengslum við gerð kjarasamninga.



Deildarstjóri bókhalds

Vegna vaxandi umsvifa óskar MEST eftir að ráða aðalbókara til starfa

Starfssvið:

- Yfirumsjón með öllu bókhaldi fyrirtækisins
- Þróun á bókhaldi, vinnsla og afstemmingar
- Uppgjör

Hæfniskröfur:

- Menntun í viðskiptafræðum
- Reynsla af sambærilegu starfi er skilyrði
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Metnaður og frumkvæði

Manchester United lagði nágranna sína í Manchester City á heimavelli sínum, Old Trafford. Með sigrinum tryggði United stöðu sína á toppi deildarinnar.

FÓTBOLTI Manchester United tryggði stöðu sína á toppi ensku úrvalsdeildarinnar í gær þegar liðið lagði nágranna sína í Manchester City á Old Trafford, 3-1. Ronaldo innsiglaði sigur United en markið var umdeilt því ekki fékkst betur séð en að hann hafi verið rangstæður.

Ljóst var frá fyrstu mínútu að von væri á mikilli barátta því það tók Joey Barton, leikmann City, ekki nema tíu sekúndur að sparka Ronaldo gróflega niður.


Ronaldo lét það þó ekki á sig fá því hann lagði upp fyrsta mark leiksins þegar hann átti frábæra sendingu inn á teiginn og þar var Wayne Rooney mættur til að stýra boltanum í netið. 1-0 fyrir Manchester United eftir fimm mínútna leik.

Eftir þetta náði Manchester United yfirhöndinni. Annað mark United-liðsins kom svo á síðustu mínútu fyrri hálfleiks þegar Frakkinn Louis Saha skoraði af stuttu færi eftir sendingu frá Gabriel Heinze.

United hélt yfirhöndinni í síðari hálfleik og City-liðið fékk fá marktækifæri framman af hálfleiknum en á 72 mínútu dró til tíðinda. Steven Ireland, leikmaður Manchester City, lék þá laglega upp hægri kantinn, renndi boltanum út á Túnisbúann Hatem Trabelsi sem skoraði með góðu skoti frá vítateigslínu og minnkaði muninn í 2-1.

Manchester City sótti töluvert í sig veðrið eftir þetta en rothöggið kom á 84. mínútu þegar Ronaldo skoraði þriðja mark United af stuttu færi. Það var rangstöðufnykur af markinu en flagg línuvarðarins fór ekki á loft og markið því gott og gilt.

3-1 urðu lokatölur leiksins og til að strá salti í sárið þá fékk Ítalin



CRISTIANO RONALDO Skoraði þriðja og síðasta mark Manchester United í gær en var hugsanlega rangstæður þegar hann fékk boltann.

NORDIC PHOTOS/AFP

Bernardo Corradi sitt annað gula spjald á síðustu mínútu leiksins þegar hann reyndi að fiska vítaspyrnu fyrir City.

„Við höfum átt erfiða leiki upp á síðkastið. Ég er viss um að fólk hefur búist við að við myndum tapa stigum í þessari viku en leikmennirnir eiga hrós skilið,“ sagði Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United.

„Við áttum að gera út um leikinn í síðari hálfleik en því miður

nýttum við ekki tækifærin okkar og það hefði getað farið illa,“ bætti Ferguson við.

Stuart Pearce gat lítið mótmælt rauða spjaldinu sem Corradi fékk undir lokinn. „Corradi féll full auðveldlega og ég er ekki eins og hinir 19 stjórnarnir í deildinni sem myndu sitja herna og bulla einhverja vitleysu um þetta atvik. Ég vil frekar að hann standi í lappirnir og ég mun ræða þetta við hann í vikunni.“

dagur@frettabladid.is



NALDO Skoraði tvívegis fyrir Werder Bremen í gær.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Þýska úrvalsdeildin í gær: Werder Bremen í toppsætinu

FÓTBOLTI Werder Bremen heldur efsta sætinu í úrvalsdeildinni í Þýskalandi eftir að hafa unnið stórsigur 6-2 á útivelli gegn Eintracht Frankfurt í gær. Naldo skoraði tvö mörk fyrir liðið en Jensen, Vranjes, Fritz og Diego skoruðu allir eitt mark hver. Stuttgart skaut upp í annað sætið með sigri á Bochum 1-0 en það var Streller sem skoraði markið undir lok leiksins. Stuttgart er tveimur stigum á eftir toppliði Bremen en stigi á eftir Stuttgart koma Bayern München og Schalke.

Bayern vann 2-1 sigur Energie Cottbus í gær en Schalke á leik inni gegn Borussia Dortmund og með sigri í honum kemst liðið upp að hlið Werder Bremen á toppi deildarinnar. Hinn leikur dagsins verður botnbaráttuslagur milli Wolfsburg og Alemannia Aachen.

Werder Bremen hefur tveggja stiga forskot á toppi deildarinnar, en Stuttgart er í öðru sæti. Schalke getur þó jafnað Bremen að stigum í dag þegar liðið mætir Dortmund á heimavelli sínum. Bremen er þó með mun hagstæðari markatölu en liðið hefur nú skorað 45 mörk í 16 leikjum það sem af er leiktíðarinni.

- egm

Bolton tók West Ham í kennslustund á heimavelli sínum, Reebok Stadium, í gær og vann öruggan sigur:

Erfið staða West Ham eftir tap gegn Bolton

FÓTBOLTI Það stóð ekki steinn yfir steini í spilamennsku West Ham í gær þegar liðið mætti Bolton. Bolton sigraði 4-0 og var brúnin þung á þeim Eggert Magnússyni og Björgólfi Guðmundssyni í stúkuni enda var þetta þriðji tapleikur Hamranna í röð. West Ham er í fallsæti, þriðja neðsta sæti deildarinnar með fjórtán stig. Kevin Davies kom Bolton yfir eftir undirbúning frá El-Hadji Diouf á sautjándu mínútu og bætti síðan öðru við eftir hornsþyrnu snemma í þeim síðari.

Þriðja markið kom þegar um stundarfjórðungur var til leiksloka en það skoraði Diouf eftir að

hafa farið illa með varnarmenn gestana og kom boltanum fram hjá Robert Green. Nicolas Anelka skoraði síðan síðasta mark leiksins eftir að hafa fengið sendingu frá Gary Speed sem var að spila sinn fimmhundraðasta leik og stóð sig mjög vel. Undir blálok leiksins voru síðan heimamenn líklegri til að bæta við fimmta markinu en gestirnir að minnka muninn.

Sumir enskir fjölmiðlar velja því fyrir sér hvort Eggert Magnússon muni endurskoða traustsyfirlýsingu sína til knattspyrnustjóra West Ham, Alans Pardew. Stuðningsmenn liðsins eru farnir

að ókyrrast og þær raddir að verða enn háværari að hinn sænski Sven Göran Eriksson, fyrrum landsliðsþjálfari Englands, muni taka við stjórnartaumunum.


„Bolton spilaði þennan leik mjög vel en því miður var okkar frammistaða algjörlega andstæðan við það. Við börðumst vel og reyndum að spila, stundum spiluðu leikmenn eiginlega of mikið. Þessi úrslit gefa samt algjörlega rétta mynd af leiknum. Eftir síðustu úrslit þurfa leikmenn að sýna úr hverju þeir eru gerðir, við erum í erfiðri stöðu og sem lið erum við einfaldlega ekki nógu góðir í dag,“ sagði Pardew.

- egm



ALAN PARDEW Fékk nýverið stuðningsyfirlýsingu frá Eggerti en lítið hefur gengið síðan þá.

NORDIC PHOTOS/GETTY



THIERRY HENRY Hefur ekki gefið upp alla von um að ná meistaratitlinum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Thierry Henry: Getum enn orðið meistarar

FÓTBOLTI Thierry Henry er ennþá sannfærður um að Arsenal geti náð toppliðunum Manchester United og Chelsea. Arsenal er 19 stigum á eftir Manchester United og mætir Chelsea í dag, þar sem Henry verður fjarri góðu gamni vegna meiðsla.

„Við höfum allt til þess að bera til að keppa við Chelsea og Manchester United. Til þess ná þeim þurfum við að hafa stöðugleika í okkar leik, jafnvel þótt við höfum ekki sama jafnvægi í leik okkar og Chelsea,“ sagði Henry við breska blaðið Daily Express.

Gengi Arsenal hefur verið mjög brokkgengt á leiktíðinni og leikurinn í dag mjög mikilvægur fyrir titilbaráttu liðsins á þessari leiktíð.

- dsd



JOHN MCENROE Hefur oft lent í vandræðum með skap sitt. NORDIC PHOTOS/GETTY

BlackRock-mótið í tennis: McEnroe allt annað en sáttur

TENNIS John McEnroe er ekki dauður úr öllum æðum. Hann tapaði fyrir Chilemanninum Marcelo Rios á BlackRock Masters í tveimur settum, 6-3 og 6-2, og eftir að hafa gagnrýnt Rios eftir leikinn kenndi hann sjálfum sér um tapið þegar reiðin var runnin af honum.

„Ég spilaði ekki nógu vel og það veldur mér vonbrigðum því ég átti ágæta möguleika. Hluti af því er vegna þess að hann hreyfir sig mjög vel. Ég hitti boltann mjög vel, hreyfði mig mjög vel og maður skyldi ætla að ég ætti að geta gert betur á lykilaugna-blikum.“

Ég er samt ekkert ósáttur. Mér fannst eins og ég ætti að geta spilað betur en ég veit ekki af hverju ég gerði það ekki,“ sagði McEnroe sem er skaphundur mikill.

- dsd

Charl Schwartzel lék á 68 höggum í gær og hefur tveggja högga forskot fyrir lokadaginn á Alfred Dunhill:

Schwartzel eykur forskot sitt í S-Afríku

GOLF Suður-Afríkumaðurinn Charl Schwartzel heldur forskoti sínu á Alfred Dunhill-mótinu í Suður-Afríku. Birgir Leifur datt úr leik í fyrradag en Schwartzel hefur tveggja högga forskot þegar einn hringur er eftir.

Schwartzel fékk fimm fugla í gær og einn örn en varð að setta sig við þrjá skolla þar að auki og lék á 68 höggum. Hann hefur leikið alla dagana á 68 höggum og er samtals á 12 höggum undir pari.

Mark Pilkington frá Wales lék vel í gær og fór hringinn á 65 höggum. Pilkington er í öðru sæti ásamt Englendingnum Lee Westwood á 10 höggum undir pari.

Schwartzel byrjaði einstaklega vel og fékk þrjá fugla og örn á fyrstu sex holunum. „Þetta var mjög misjöfn spilamennska hjá mér í dag. Ég byrjaði betur í dag en ég hef áður gert en svo fékk ég þessa skolla um miðbik hringins. Ég var að hitta boltann ágætlega þegar ég fékk þessa skolla en greinilega ekki nógu vel samt,“ sagði Schwartzel sem vann þetta mót árið 2004 og endaði í öðru sæti í fyrra.


Ernie Els, sigurvegari mótsins frá því í fyrra, lék á þremur höggum undir pari í gær og á því litla möguleika á að verja titil sinn á þessu sinni.

- dsd



CHARL SCHWARTZEL Hefur tveggja högga forystu fyrir lokadaginn á Alfred Dunhill-mótinu. NORDIC PHOTOS/GETTY


JÓLAPAKKATILBOÐ



UNITED
UTV14x50

14" SJÓNVARP með textavarp, Scart tengi og fjarstýringu.


VERÐ 12.990
FRÁBÆRT VERÐ



UNITED
UTV20x40

20" SJÓNVARP með textavarp, Scart tengi og fjarstýringu.

VERÐ 16.990
FRÁBÆRT VERÐ




UNITED TVD5034

Spilar DVD/CD/CDR/CDRW/VCD/SVCD/JPEG/MP3

Sambyggt 14" SJÓNVARP og fjölkerfa DVD spilari. Með Black Matrix myndlampra, allar aðgerðir á skjá, Scart tengi, textavarp og fjarstýringu.

TILBOÐ 18.990
FULLT VERÐ kr. 24.990




Dantax 21DVDV3

Sambyggt 21" SJÓNVARP og fjölkerfa DVD SPILARI með Black Matrix myndlampra, stereo hljóðkerfi, allar aðgerðir á skjá, Scart tengi, textavarp og fjarstýringu.

Spilar DVD, VCD og SVCD - CD, CD-R/RW, JPEG og MP3

TILBOÐ 24.990
FULLT VERÐ kr. 29.990




UNITED LTV15L50

15" LCD Sjónvarp með móttakara, 1024x768 punkta upplausn, 400:1 skerpu, Comb filter, Noise Reduction, Bw stereo hljóðkerfi, textavarp með 125 síðna minni, Scart (með RGB), SVHS og RCA tengi, PC-inngangi (VGA), tengi fyrir heymatöl, tónjafnara, svefnrofa, vekjara, borðstandi og fjarstýringu. 12 og 220V.

12v/220v


TILBOÐ 34.990
FULLT VERÐ kr. 39.990



UNITED LTV20L60

20" LCD SJÓNVARP með fjölkerfa móttakara, 640x480 punkta upplausn, skerpa: 500:1, sjónsvið: (H/V) 160x140, birtustig: 450cd/m2, stereo hljóðkerfi, 2 Scart með RGB, AV og SVHS inn og Scart og heymartöl út, PC-inn, textavarp, borðstandi og fjarstýringu.


TILBOÐ 49.990
FULLT VERÐ kr. 69.990



UNITED LTV27W60

27" LCD BREIÐJALDSSJÓNVARP með 1280x720 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 900:1 skerpu, 2x6W Nicam stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, CVBS og heymartölstengi, VGA tengi, textavarp og fjarstýringu.


TILBOÐ 89.990
FULLT VERÐ kr. 109.990



UNITED LTV32W63

32" LCD HD Ready BREIÐJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, Nicam stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartölstengi, textavarp og fjarstýringu. Passar fyrir VESA200 veggfestingar.

TILBOÐ 99.990
FULLT VERÐ kr. 119.990



UNITED PTU42

42" PLASMA SJÓNVARP með 852x480 upplausn (VGA, SVGA, XGA), Progressive Scan, HDTV Ready, 2x10W Nicam stereo hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengjum, DVI og PC tölvutengi, mynd í mynd (2 Tunerar) textavarp og fjarstýringu.

TILBOÐ 149.990
FULLT VERÐ kr. 159.990

OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA!

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBODSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVAEÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Samkaup, Borgamesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrimsfjarðar, Drangnesi. Póllinn, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrimsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húsvetninga, Hvamstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúú, Sauðárkrúki. Heilmistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kaupþún, Vopnafirði. KF Héraðsbúá, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Verslunin Vík, Reyðarfirði. Martólvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fosstraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvusítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Rafþagnavinnustofa

> Leonardo diCaprio

Hann fæddist 11. nóvember 1974 í Hollywood. Leo varð heimsfrægur á einni nóttu árið 1997 þegar myndin „Titanic“ kom út. Sú mynd er á dagskrá Stöðvar 2 bíó í kvöld. Þessa dagana er „The Departed“, sem Leo leikur í, í íslenskum kvikmyndahúsum og var að senda frá sér aðra mynd sem heitir „Blood Diamond“ og er væntanleg í bíó.



dagshósti



VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON TEKUR SÉR RAY TIL FYRIRMYNDAR

Hægt að hafa gaman af öllu

„Myndir þú bjóða aldraðri móður þinni að búa hjá þér þegar hún væri orðin ein,“ spurði Marie son sinn Ray Barone nýverið. Íþróttafréttamaðurinn var í miklum vanda staddur vegna þess að eiginkonan Debra beið spennt eftir neikvæðu svari. Ray reyndi að fara undan í flæmingi en gaf loks undan og sagði já, konu sinni til mikillar hrellingar. Fjölskylda Ray er nefnilega af skrautlegra tagi. Ray á „stóran“ bróður sem er þjakaður af minnimáttarkennd og tvo kolgeðveika foreldra sem ræna stígvélum frá börnunum, setja reglulega út á heimilshald tengdadóttur sinnar og halda heimilinu í herkví, svo vægt sé til orða tekið. Væntanlega væru margir synirnir búrinn að flytja langt, langt í burtu, jafnvel þangað sem ekkert símasamband væri eða reglulegar ferðir en ekki Ray. Hann lætur þetta bara yfir sig ganga, staulast í gegnum lífið og tilveruna og faðmar eiginkonu sína að sér. „Þetta verður allt í lagi“ - heimspekinn heldur geðheilsu hans og Debru í lagi. Heimil-



ið fer reyndar fyrst í háloft þegar foreldrar Debru mæta á svæðið en þau eru lífsreyndir heimsborgarar sem reyna allt hvað þau geta til að aðlagast lífsháttum Barone-villimannanna. Í augum Franks og Marie eru þau hins vegar snobbaðir uppskaftingar.

Ef þetta líf Baron-fjölskyldunnar væri fært út í raunveruleikann þar sem hraðinn og lífsgæðakapplaupið ræður ríkjum væri sennilega búíð að tilkynna um fjöldamorð á þessum fjölskyldumeðlimum. Kannski er fjölskyldan þó ágætis kennslustund í því hvernig hægt er að hafa gaman af göllum og geðveikinni í öðru fólk. Og veitir ekki af nú á jólamánuðum.

EKKI MISSA AF



▶ 14.00 Titanic STÖÐ 2 BÍÓ



▶ 23.30 Da Vinci's Inquest SKJÁR EINN



▶ 00.20 Mystic River STÖÐ 2



▶ 19.35 Four Kings SIRKUS



▶ 13.05 Nærmynd-Dagur Kári SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

8.00 Morgunstunden okkar
8.01 Sammi brunavörður (15:26)
8.11 Bitte nú! (41:52)
8.34 Hopp og hí Sessamí (31:52)
8.58 Karl Sundlöv (2:4)
9.08 Stjáni (61:65) (Stanley)
9.31 Sígildar teiknimyndir
9.39 Herkúles (13:28)
10.01 Tobbí tvisvar (37:52)
10.24 Allt um dýrin (10:25)
10.48 Jólادagatalið - Stjórnustrákur
10.55 Jón Ólaf s. e.
11.40 Spaugstofan e.
12.05 Þrír blaðamenn leita ríthöfundar
12.35 Nærmynd - Baltasar Kormákur Þáttaröð um norræna kvikmyndaleikstjóra. Í þessum þætti er fjallað um Baltasar Kormák.
▶ 13.05 Nærmynd - Dagur Kári
13.35 Smellir og skellir frá Hollywood e.
14.55 Tíu fingur (8:12) e.
15.55 EM í sundi
18.00 Táknálsfréttir
18.10 Stundin okkar (11:30)
18.35 Geimálfurinn Gígur (6:10)
18.45 Jólادagatalið - Stjórnustrákur e.
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljós
20.10 Tíu fingur (9:12)
21.10 Örninn (7:8) (Örnen)
22.10 Helgarsportíð
22.35 Leyndardómur gula herbergisins (La mystère de la chambre jaune) Frönsk bíómynd frá 2003 um dularfulla atburði á sveitasetri.
0.30 Kastljós
1.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BIÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Emil og grísinn
8.00 Agent Cody Banks
12.00 There's Something About Mary
12.00 Lackawanna Blues (Lackawanna-blúsinn) Margverðlaunuð sannsóleg mynd um Ruben Santiago yngri.
▶ 14.00 Titanic Stórmynd James Camerons í öllu sínu veldi.
17.15 Forrest Gump (e)
20.00 Lackawanna Blues 22.00 Bad Apple (Skemmt epli)
0.00 Cause of Death
2.00 Kín (Fjölskylda filanna)
4.00 Bad Apple (Skemmt epli)



7.00 Myrkfælu draugarnir
7.15 Barney
7.40 Pocoyo
7.50 Stubbarnir (Teletubbies)
8.15 Doddi litli og Eyrnastór
8.25 Kalli og Lóla
8.35 Könnuðurinn Dóra
9.00 Grallarnir
9.25 Codename: Kids Next Door
9.45 Kalli litli kanína og vinir hans (Baby Looney Tunes 2)
10.05 Ævintýri Jonna Quests
10.25 Sabrina - Unglingsnormin
10.50 Bratz
11.15 Galdrastelpurnar (15:26)
11.35 Ljónagrín Skemmtilegur teiknimyndaflokkur um ljónafjölskyldu sem skemmtir fólk í Las Vegas. Myndaflökkurinn er í anda Shreks enda er hann úr smíðju Jeffreys Katzenberg, sem framleitt hefur vinsælar teiknimyndir á borð við Shrek og Madagaskar. Meðal þeirra sem ljá persónum rödd sína er John Goodman.
12.00 Hádegisfréttir
12.25 Silfur Egils
14.00 Neighbours (Nágrannar)
14.20 Neighbours (Nágrannar)
14.40 Neighbours (Nágrannar)
15.00 Neighbours (Nágrannar)
15.20 Neighbours (Nágrannar)
15.45 Í sjöunda himni með Hemma Gunn
16.50 Beauty and the Geek
17.45 Martha Nýir spjallþættir með fjölmörgum og athafnakonunni vinsælu Mörthu Stewart.
18.30 Fréttir, íþróttir og veður
19.10 Kompás
19.45 Sjálfstætt fólk
20.20 Commander In Chief
21.05 Numbers (8:24) (Tölur)
21.50 Thief (3:6) (Þjófur)
22.40 60 mínútur
23.25 X-Factor
▶ 0.20 Mystic River (Dulá)
2.35 Like Father Like Son
3.45 Like Father Like Son
4.55 Numbers (8:24) (Tölur)
5.40 Fréttir Stöðvar 2 endursýndar frá því fyrr í kvöld.
6.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

SIRKUS TV

15.45 Tekinn (e)
16.15 Till Death Do Us Part: Carmen (e)
16.45 The Hills (e) Lauren úr Laguna Beach þáttunum er flutt til L.A. og er á leiðinni í skóla. Með skólunum hefur hún ráðið sig í vinnu hjá hinu vinsæla tímariti Teen Vogue. Í þessari þáttaröð fáum við að fylgjast með Lauren í hinu daglega lífi þar sem hún reynir að sameina skólann, vinnuna og vinina.
17.15 The Player (e) 13 karlmann berjast um hylli ofurskuttunnar Dawn Olivieri í þessu þáttum þar sem einn mun standa uppi sem sigurvegari. Stjórnandi keppendanna er Boston Rob sem eflaust margir muna eftir úr Amzing Race og Survivor.
18.00 Seinfeld
18.30 Fréttir, íþróttir og veður
19.10 Seinfeld
▶ 19.35 Four Kings (e) Drepfyndnir gamanþættir frá höfundum Will & Grace þar sem fylgst er með fjórum æskuvinum sem ákveða að flytja saman í íbúð í New York.
20.00 Tekinn (e) Skemmtikrafturinn og sjónvarpsstjarnan Auðunn Blöndal stjórna þáttinum Tekinn, þætti sem er í anda Punk'd með Ashton Kutcher. Auðið hrekkir þjóðþekktasta einstaklinga og tekur allt saman upp á faldar myndavélar.
20.30 Till Death Do Us Part: Carmen
21.00 Vanished (9:13) (Vanished) Jeffrey Collins er þingmaður á hraðri uppleið. Hann er giftur hinni ungu og fallegu Söru sem sinnir góðgerðamálum af miklum hug.
21.50 Weeds (9:12) Önnur sérán um húsmóðurina Nancy sem er einn heitasti eitruflýsjaðinn í úthverfum Los Angeles borgar.
22.20 Rescue Me (e)
23.10 Ghost Whisperer (e)
23.55 Pepper Dennis (e) Pepper Dennis er metnaðarfull fréttakona sem þrjár ekkert heitar en að verða fréttapulur í vinsælasta fréttatíma Chicago borgar.
0.40 Sirkus Rvk (e)
1.10 Entertainment Tonight (e)
1.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORDURLANDS

Fréttapátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

11.20 Toppskífan (e)
12.00 2006 World Pool Masters Sextán bestu billjarðmeistarar heims tóku þátt í skemmtilegu mótí sem fram fór í Hollandi sl. sumar. Keppt var með úrslátaryfirmulag til einn stöð uppi sem sigurvegari.
12.50 Love, Inc. (e)
13.20 Out of Practice (e)
13.50 Dýravinir (e)
14.20 One Tree Hill (e)
15.05 Queer Eye for the Straight Guy (e)
16.00 America's Next Top Model VI (e) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofur-fyrirsætu.
17.00 Innlit / útlit (e)
17.50 How to Look Good Naked (e) Glæný, bresk þáttaröð þar sem lögulegar línur fá að njóta sín.
18.15 Rachael Ray (e)
19.10 Battlestar Galactica (e) Framtíðarþáttaröð þar sem fylgst er með klassískri baráttu góðs og ills.
20.00 Dýravinir Gríðarlegur fjöldi Íslendinga á gæludýr, hvort sem um er ræða fiska, hunda, ketti, kanínur eða köngulær. Í þessum þáttum kynni Guðrún Heimisdóttir okkur fyrir dýrunum og eigendum þeirra en óhætt er að fullyrða að gæludýræign hafi aldrei verið fjölbreyttari en nú.
20.30 Frægir í form - lokapáttur
21.30 C.S.I.: New York
22.30 Brotherhood - Lokapáttur
▶ 23.30 Da Vinci's Inquest
0.20 Law & Order (e)
1.10 The L Word - Lokapáttur (e) Bandarísk þáttaröð um hóp af lesbíum í Los Angeles.
2.10 Óstöðvandi tónlist

SKJÁR SPORT

12.00 Að leikslokum (beint)
13.00 Man. Utd. - Man. City (frá 9. des)
15.00 Að leikslokum (e)
15.55 Chelsea - Arsenal (b)
18.05 Þrumuskot (e)
19.20 Lazio - Roma (b)
21.30 Tottenham - Charlton (frá 9. des)
23.30 Watford - Reading (frá 9. des)

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE



ÍSLENSKT VATN Í JAPAN OG KOMPÁS Í KASAKSTAN

á „heimaslóðum“ Borats

Kompás í kvöld kl. 19:10



GOTT FOLK MCCANN

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.35

60 MÍNÚTUR (60 MINUTES)

Virtasti fréttaskýringarþáttur í heimi snýr aftur á Stöð 2. Á hverju sunnudagskvöldi er rétt tæplega vikugamall þáttur þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni liðandi stundar og taka einstök viðtöl. Í þætti kvöldsins verða þrjú viðfangsefni tekin fyrir og ber þar fyrst að nefna viðtal við Immaculee Ilibagiza, sem vakið hefur mikla athygli fyrir frásögn sína af þjóðarmorðunum í Rúanda, þar sem fjölskylda hennar og nærri milljón aðrir landar hennar voru myrtir með köldu blóði. Ilibagiza komst lífs af með því að fela sig inni á agnarsmáu þaðherbergi í heila þrjá mánuði. Auk þess verður rætt við stofnanda Netflix sem er orðin stærsta mynddiskaleigan á netinu og píanósniillinginn Gabrieli Montero, sem vakið hefur mikla athygli og valdið deilum í heimi sígildrar tónlistar fyrir frjálsglega túlkun sína á verkum meistaranna.



FRÉTTAKONAN IMMACULÉE ILIBAGIZA

▶ VIÐ MÆLUM MED Sjálfstæðu fólki

Á STÖÐ 2 Í KVÖLD KL. 19.45

Söngkonan Lay Low er viðmælandi Jóns Ársæls í kvöld í þættinum Sjálfstætt fólk. Lay Low er heldur betur búin að syngja sig í hjörtu landsmanna með laginu „Please don't hate me“. Jón Ársæll kynnir sér sögu þessarar stórmerkilegu söngkonu sem var á tímabili alvarlega veik vegna heilaæxlis. Þetta ætti því að vera einstaklega fróðlegur og skemmtilegur þáttur. Þess má geta að Sjálfstætt fólk hefur sex sinnum verið tilnefndur til Sjónvarpsþáttur ársins og þrjár sinnum unnið.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- | | |
|--------------------------------------|-----------------------------|
| 8.00 Fréttir | 16.08 Veðurfregnir |
| 8.05 Morgunandakt | 16.10 Heimurinn okkar |
| 8.15 Tónlist á sunnudagsmorgni | 17.00 Síðdegi skógarpúkanna |
| 9.00 Fréttir | 18.00 Kvöldfréttir |
| 9.03 Lóðrétt eða lárétt | 18.25 Auglýsingar |
| 10.00 Fréttir | 18.26 Seiður og hélog |
| 10.05 Veðurfregnir | 19.00 Afsprengi |
| 10.15 Bókabing | 19.50 Óskastundin |
| 11.00 Guðspjónusta í Digraneskirkju | 20.35 Sagnaslóð |
| 12.00 Hádegisútvarp | 21.15 Laufskálinn |
| 12.20 Hádegisfréttir | 21.55 Orð kvöldsins |
| 12.45 Veðurfregnir | 22.00 Fréttir |
| 13.00 Útvarpsleikhúsið: Fjallkirkjan | 22.10 Veðurfregnir |
| 13.50 Fiðla Mozarts | 22.15 Til allra átta |
| 14.17 Söngvamálar | 23.00 Andrarímur |
| 15.00 Arfur Bríetar | 0.00 Fréttir |
| 16.00 Fréttir | |

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ID / Enginn viðbjóður

SYN

08.20 Gillette Sportpakinn (Gillette World Sport 2006) Íþróttir í lofti, láði og legi. Magnaður þáttur þar sem allar íþróttagreinar eru teknar fyrir. Þáttur sem sýndur hefur verið í fjölmörg ár við miklar vinsældir.

08.50 Spænski boltinn (Sevilla - Real Madrid) Útsending frá leik Sevilla og Real Madrid í spænska boltanum.

10.30 Evrópumótaröðin Bein útsending frá lokadegi Dunhill mótsins í Suður Afríku. Birgir Leifur tryggði sér þáttökurétt á Evrópumótaröðinni með því að hafna í einu af 30 efstu sætum á úrtökumótinu á San Roque á Spáni.

14.30 JERMAIN TAYLOR - KASSIM OUMA

16.00 World Golf Championship 2006 Bein útsending frá eyjunni Barbados þar sem svokallað Heimsmeistaramót í golfi fer fram.

19.00 Meistaradeild Evrópu - fréttabáttur Allt það helsta úr Meistaradeildinni.

19.25 Ameríski fótboltinn (NFL Gameday 06/07) Upphitun fyrir leiki helgarinnar í ameríska fótboltanum sem er vinsælasta sjónvarpsíþróttin í Bandaríkjunum.

19.50 Spænski boltinn Bein útsending frá leik Valencia og Deportivo í spænska boltanum.

21.50 NFL - ameríska ruðningsdeildin Bein útsending frá leik San Diego og Denver í ameríska NFL fótboltanum. San Diego hefur farið á kostum sem af er og hafa unnið tíu af fyrstu tólf leikjunum. Denver hefur hins vegar unnið sjö af fyrstu tólf leikjunum.

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

21.00 Einbýlishús – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

22.00 Fjölbýli og hæðir – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

23.00 Nýjar eignir e.

0.00 SMS eignir – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms skilaboð

DR 1

11.25 Þá jobbagt **11.55** Attention Mobning **13.00** Guðstjeneste í DR Kirken **14.00** Temalördag: Protestsangen havde vinger engang - og nu flyver den igen! **14.05** 60'eme **14.40** 70'eme **16.25** Protestsangen på vingerne igen **17.00** Sigurd og Big Bandet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Mysteriet om Danmark Ekspeditionen **18.30** Livet på skinner **19.00** Ørnen **20.00** TV Avisen **20.15** Søndag **20.45** Søndagssporten med SAS liga **21.00** Tavi - ånden der steg op fra havet **21.50** Columbo **23.00** Fortidens bedrag

NKI

11.50 V-cup skøyter: 1500 m kvinner **12.25** V-cup kombinert **13.00** V-cup skøyter: 10000 m menn **14.40** Sport i dag **16.00** 12 bud **16.30** Åpen himmel: Guðstjeneste i Storsalen menighet i Oslo **17.00** Ole Aleksander Filibom-bom-bom **17.15** Sola er en gul sjiraff **17.30** Newton **18.00** Søndagsrevyen **18.45** Sportsrevyen **19.15** Kvitt eller dobbelt **20.15** Kongekabalen **22.00** Kveldsnytt **22.15** Et mesterverk **23.05** Nytt på nytt **23.35** Kunstløp: Grand Prix fra Paris **0.05** Ungkarsreiret

SVT 1

10.55 MGP Nordic **12.55** Söderlund & Bie **13.25** Kobra **13.55** Great thinkers of our time **14.25** Reef Route 66 **14.52** Grounded **14.55** Världen **15.55** Makalösa monument **16.25** Om barn och böcker **16.55** Anslagstavlan **17.00** Anki och Pytte **17.30** Skärgårdsdoktorn **18.25** Radiohjälpen hjälper - Världens barn **18.30** Rapport **19.00** Världscupen: Alpin Aspen **19.30** Sportspegeln **20.15** Agenda **21.10** Orden med Anna Charlotta **21.40** Vetenskap - universum i provör **22.10** Rapport **22.20** Cuppen **23.20** Brother

ego dekor
BÆJARLIND 12 - S: 544 4420

Borðstofuborð 200x100
Verð áður: 69.000,-
Tilboðsverð: **51.750,-**

Borðstofuborð 180x100 og 6 Richmond leðurstólar
Verð áður: 158.000,-
Tilboðsverð: **127.800,-**

Aðventutilboð 25% afsláttur af dökkum eikarborðum

<p>Cube leðurstóll Verð: 19.800,- Einnig fáanlegur í svörtu leðri</p>	<p>Milano leðursófasett 3+1+1 3+2 Verð: 249.000,- Verð: 220.000,-</p>	<p>Verð: 19.500,-</p>
<p>Capri leðursófasett 3+1+1 3+2 Sófaborð 120x65 Verð: 196.000,- Verð: 182.000,- Verð: 35.000,-</p>	<p>Verð: 5.900,-</p>	<p>Verð: 14.500,-</p>
<p>Verð: 3.700,-</p>	<p>Verð: 3.700,-</p>	

Helgaropnunartímar: lau 10:00-18:00 - sun 13:00-18:00 - www.egodekor.is



...fær Snæbjörn Arngrímsson, bókaútgjafi hjá Bjarti, sem setur mark sitt á jólabókasölu í Danaveldi um þessar mundir og hefur nýverið opnað útibú í Noregi.

HIN HLÍÐIN SIF SIGMARSÐÓTTIR RITHÖFUNDUR

Finnst George Bush fyndnastur allra

Hvað er að fréttu?

Í fréttum er það helst að bleikasta bók ársins er komin út. Hún ber titilinn *Ég er ekki dramadrottning* og er skyldulesning fyrir dramadrottningar, dramakóna og alla í afneitinu.

Augnlitur:

Blár.

Starf:

Skribent.

Fjölskylduhagir:

Harðgift.

Hvaðan ertu?

Ég er Reykvikingur í húð og hár en þý sem stendur í Lundúnaborg.

Ertu hjátrúarfull?

Nei. Ég reyni samt alltaf að forðast að ganga undir stiga.

Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:

Skjáauglýsingar.

Uppáhaldsmatur:

Froskalappir.

Fallegasti staður:

Grensásvegur.

iPod eða geislaspilari:

Ég er tæknilega illa gefin og er ekki fljót að tileinka mér nýjungar. Eiginmanninum tókst hins vegar loks að kenna mér á iPod-inn um síðustu helgi og því kys ég mp3 spilarann fram yfir gömlu tæknina.

Hvað er skemmtilegast?

Að kaupa skó.

Hvað er leiðinlegast?

Að fá Vísareikninginn.

Helsti veikleiki:

Ást á súkkulaðikökum.

Helsti kostur:

Sérlega vel löguð litla tá.

Helsta afrek:

Að vakna í morgun.

Bestu vonbrigðin:

Þegar ég komst að því að jóla-sveinninn er ekki til.

Hver er draumurinn?

Að verða fær um að halda lífi í pottaplöntum.

Hver er fyndnastur/fyndnust?

George Bush.

Hvað fer mest í taugarnar á þér?

Gæludýr.

Hvað er mikilvægast?

Borða nóg af smákökum um jólin.



FRÉTTIR AF FÓLKI

Einn ástsælasti skemmtikraftur landsins, **Hermann Gunnarsson**, fagnar í kvöld sextugsafmæli sínu með pomp og prakt.

Vinir og kunningjar hafa unnið baki brotnu við að undirbúa afmælið sem verður á Broadway og hafa allir lagst á eitt til að gera veisluna sem glæsilegasta úr garði. Hefur verið haft á orði að afmælisteiti Hemma kunni að slá út frægu afmæli **Davíðs Oddssonar** sem haldið var í Perlunni. Meðal þeirra sem komið hafa að skipulagningu þessarar sögulegu hátíðar má nefna **Halldór Einarsson**, betur þekktan sem Henson, og Mariönnu Friðjónsdóttur, framleiðanda hjá Saga Film, auk þess sem Hermann sjálfur mun hafa verið á þönum fyrir herlegheitin.



Fjöldi landsþekkra skemmtikrafta ætla að skemmta og hefur verið prentuð sérstök leikskrá sem gestirnir í veislunni fá. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun Sumargleðin hefja veisluna og ætla stórsöngvarinn **Ragnar Bjarnason** að syngja *My Way* með sínu nefi. Útvarpsmaðurinn góðkunnir, **Þorgeir Ástvaldsson**, verður síðan veislustjóri og kynnis til leiks hljómsveitir á borð við Halastjörnunna, **Nylon**, í svörtum fötum og **Á móti sól** sem verður að teljast ein vinsælasta hljómsveit landsins með **Magna Ásgeirsson** í broddi fylkingar.



Ættartengslin ráða síðan ríkjum þegar kemur að mat og drykkjum fyrir veisluhesti en sonur Hermanns, **Hendrik Hermannsson**, mun stjórna því fyrirtæki með harðri hendi. Engar smákanónur eru síðan á ræðulistanum því þeirra á meðal eru þeir **Össur Skarphéðinsson**, landbúnaðarráðherra **Guðni Ágústsson**, útvarpsstjóri **Páll Magnússon** og formaður Vals, Grímur Sæmundsson. Hermann ætti því að geta gengið stoltur frá borði þegar veisluöldum lýkur rétt um miðnætti. - fgg



VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Þorsteinn Davíðsson
2. Sextugur
3. The Sweet Escape

SIGURÐUR LAUFDAL: SONUR SJÓNVARPSPREDIKARA LASTAR GUÐ Í NÝJU LAGI

Mín túlkun á svörtu bókinni

„Ég hef það bara ljómandi fínt, vakti í alla nótt og kláraði lagið, hef því ekki yfir neinu að kvarta,“ segir tónlistarmaðurinn Sigurður Laufdal sem oftast er kallaður Siggí Lauf. Hann sendir frá sér nýtt lag í þessari viku og ber það heitið *Í frelsarans nafni*.

„Lagið er svona mín túlkun á svörtu bókinni góðu,“ segir Siggí og á þá við Biblíuna. Í laginu er að finna afar beinskeytta og kómíska texta sem snúa allir út úr sögum Biblíunnar á einn eða annan hátt. Sem dæmi má nefna: „Jesú var bara hippi, á geðtrufluðu kókaín trippi“ og „í eyðimörkinum var hann súr enda á 40 daga kókaín kúr,“ og er þá gamanið bara rétt að byrja og lítið gefið í kraftaverk frelsarans, því í kjölfarið fylgir lýsing á því hvernig lærisveinarnir tólf borðuðu ofskynjunarsveppi og sáu í framhaldninu Jesú ganga á vatni.

Faðir Sigurðar er enginn annar en tónlistarmaðurinn og predikarinn Guðlaugur Laufdal sem þekktastur er fyrir störf sín á sjónvarpstöðinni Omega. Sigurður segir að faðir sinn hafi ekki haft mikið út á lagasmíðarnar að setja, þrátt fyrir að efni lagsins gæti skarast á við predikanir föðurins. „Hann hringdi og óskaði mér til hamingju með lagið, spurði mig svo hvort mér þætti textinn ekki skríttinn, en ég sagði honum að hann yrði að gera það upp við sig sjálfur og meira var það ekki.“

Sigurður hefur sámið tónlist síðan hann var 14 ára gamall en í dag er hann 23 ára. Hann segir undanfarið ár hafa verið nokkurs konar vendipunktur fyrir sig í tónlist, en nú í ár, „er ég fyrst orðinn sáttur við sjálfan mig,“ segir hann af einlægni. Siggí var mjög duglegur við að spila í allt sumar og alveg fram á haust. Í síðasta mánuði lagði hann í langferð norður á land þar sem hann spilaði á nokkrum stöðum og svo kom hann einnig fram á Gullkindarverðlaunum



SIGURÐUR LAUFDAL Gerir lítið annað en að grúska í tónlist og sendir frá sér lagið *Í frelsarans nafni* eftir helgi.

útvarpsþáttarins Capone. „Annars ætla ég bara að koma sterkur inn á nýju ári.“ Nafn lagsins *Í frelsarans nafni* átti upphaflega að vera nafn á fyrstu plötu Sigurðar en sú er hugmyndin farin af borðinu núna. „Nýju lögin mín eru flest á ensku, svo að ég ætla að bíða og sjá hvort sniðugra verði að hafa titil plötunnar á sama tungumáli,“ en nánari áform um útgáfu eru enn ekki klár. Eins og flesta aðra tónlistarmenn dreymir Sigurð að geta haft ofan í sig með tónlistinni eingöngu, en annað biður hann ekki um. Helstu áhrifavaldir hans eru **Bubbi Morthens** og **Nirvana**-goðið sjálft, **Kurt Cobain**, en hann segir tónlist sína þó vart líkjast þeirra.

dori@frettabladid.is

PABBI GAMLI Sjónvarps-predikaranum með gítarinn, Guðlaugi Laufdal, fannst texti lagsins skríttinn.



Kompás á slóðum Borats í Kasakstan

„Yfirvöld í Kasakstan hafa miklar áhyggjur af því hvernig það er kynnt fyrir umheiminum og kvikmyndin um blaðamanninn Borat er kannski helsta ástæðan fyrir því,“ segir Svavar Halldórsson sem á dögunum fylgdi íslensku glímuliði til Kasakstans en sýnt verður frá ferðinni í fréttaskýringaþættinum *Kompás* í kvöld.

Kasakstan hefur verið mikið í fréttum að undanförunu eftir að kvikmynd gamanleikarans **Sasha Baron Cohen**, Borat: Cultural Learnings of America for Make Benefit Glorious Nation of Kazakhstan, sló heldur betur

í gegn um allan heim. Yfirvöld í Kasakstan segja leikarann hafa haft þjóðina að fífla og sáu sig meðal annars tilneydda til að birta tveggja opnu auglýsingu í *New York Times* þar sem staðreyndavillur Borats voru leiðréttar. „Borat bregður ekki upp raunsærri mynd af landinu þótt vissulega sé eitthvað sannleikskorn í einhverju,“ segir Svavar sem komst í kast við lögregluna þegar myndavélarnar voru dregnar upp.

„Við vorum færðir inni á lítilli lögreglustöð og látnir útskýra dvöl okkar í landinu í löngu máli,“ segir Svavar og bætir við að ekki megi þó eingöngu skella skuld-



SVAVAR HALLDÓRSSON Var færður til skýrslutöku á lítilli lögreglustöð þegar yfirvöld sáu myndavél á lofti.

inni á **Sasha Baron Cohen** og **fífla** læti hans. „Kasakstan er ekki fullkomið lýðræðisríki þótt myndin hafi ekki bætt úr skák,“ segir Svavar.

Fréttamaðurinn segir það hafa komið sér í opna skjöldu hversu mikið bil var á milli ríkra og

FRÉTTIR AF FÓLKI

Sjónvarpsmaðurinn glaðbeitti **Auðunn Blöndal** hefur verið iðinn við að leggja gildir fyrir þjóðþekktu Íslendinga í þætti sínum *Tekinn á sjónvarpstöðinni Sirkus*. Auðun hefur haft augastað á stórsöngvaranum **Björgvini Halldórssyni** sem ákjósanlegu fórnarlambi um nokkurt skeið og eftir mikið baktjaldamark tókst honum að hrekkja **Bo** skemmtilega og afraðsturinn verður sýndur á *Sirkus* á mánuðag. Björgvin hafði áður tilkynnt Auðuni að hann myndi aldrei láta glepjast sem gerði hrekkjalóminn vitaskuld enn ákafari fyrir vikið.

Björgvin taldi þrátt fyrir yfirlýsingarnar vissara að baktryggja sig og bannaði eiginkonu sinni og börnum, þeim **Krumma** og **Svölu**, að leggja Auðuni lið ef hann sæktist eftir því. Það kom svo á daginn að húsbóndahollusta fjölskyldunnar er óvæfingjaleg þar sem öll höfnuðu þau Auðuni þegar hann leitaði til þeirra. Björgvi var þó ekki sloppinn þar sem útgefendur hans voru til í tuskið og fengu söngvarann til þess að mæta til þess að árita nýja tónleikageisladiskinn sinn á fölskum forsendum. Beiðnin var þó fullkomlega eðlileg í huga söngvarans sem beit á agnið.

Hugmyndin var að láta Björgvin hafa ónýta penna fyrir áritunirnar en slíkt klúður væri líklegt til þess að hleypa honum upp. Það runnu því tvær grímur á Auðun og félagá þegar Björgvi mætti foringjalegur með sína eigin penna. Hrekkurinn þótti þó heppnast sérstaklega vel þar sem unglingsstúlku var sigað á söngvarann og sú átti ekki í vandræðum með að stuða hetjuna.

-þþ



▶ VINSÆLASTA TÓNLISTIN Í DAG!

TRYGGÐU ÞÉR EINTAK AF VINSÆLUSTU TÓNLIST LANDSINS Í NÆSTU VERSLUN!



100 íslensk jólalög



Baggalútur - Jól og blíða



Björgvin og Símfó



Sálin og Gospel - Lifandi í Laugardalshöll



Fríðrik K. ásamt Þórunni Lár. - Álfar og fjöll




Lay Low - Please don't hate me



Stóra Stundin ykkar



Bubbi - 060606



Óskar Pétursson - Ástarsól

Skyldueign í safnið!




Il Divo - Siempre



Todmobile - Ópus :: 6




Selma & Hansa
Sögur af konum



The Beatles - Love

TÓNLISTINN		48. VÍKA 2006	
H	N	G	
Háttálkvarntíðni	Nýsköpun	Óskráðuneyti	
1.	1.	1.	100 íslensk jólalög
2.	2.	2.	Íll og blíða
3.	3.	3.	Björgvin, Símfó og gestir
4.	4.	4.	Sálin og Gospel
5.	5.	5.	Álfar og fjöll
6.	6.	6.	Á mér sál í 10 ár
7.	7.	7.	Þóbbilög
8.	8.	8.	Please don't Hate me
9.	9.	9.	Stóra stundin ykkar
10.	10.	10.	06.06.06
11.	11.	11.	Nýlon
12.	12.	12.	Nóttir nokkura átíðna
13.	13.	13.	Ástarsól Gunnars Þóðar
14.	14.	14.	Love
15.	15.	15.	Magma Sóna syngur Magn
16.	16.	16.	ÍB Sónar

Góða skemmtun um jólin ▶





BAKÞANKAR

DAVÍÐS PÓRS JÓNSSONAR

Gagnrýnin sjálfsskoðun

Það er hollt og gott að stunda gagnrýna sjálfsskoðun. Sumir líta að vísu á hana sem veikleika-merki af því maður beinir einmitt sjónum sínum að veikleikum sínum. En í raun ber það vott um áræði og kjark að þora að finna sök hjá sjálfum sér og reyna að skilja hverju maður þarf að breyta til að vegna betur. Gagnrýnin sjálfsskoðun er í raun alger forsenda framfara.

HINS vegar er ekkert skrytið að sumum standi stuggur af gagnrýninni sjálfsskoðun. Við hana kemur nefnilega eitt og annað í ljós sem miklu þægilegra er að vita ekki af. Það er mjög sársaukafullt að vera sviptur hinni ljúfu lífslygi. Það er til dæmis ekki næstum því jafnmikið vesen að lifa í þeirri trú að vinurinn sem fór í meðferð hafi verið miklu verr á vegi staddur en maður sjálfur, eins og að viðurkenna að maður hafi enga stjórn á lífi sínu. Auðvitað er miklu þægilegra að trúa því að maður sé rúinn trausti út af slúðri, baktali og kjaftagangi í skinhelgu pakki sem upphefur sjálft sig á manns kostnað, heldur en að horfast í augu við að manni sé einfaldlega ekki treystandi og að „skinhelga pakkið“ sé bara að ræða sín á milli um það sem öllum má vera ljóst. Það er miklu auðveldara að kenna öðrum um allt sem miður fer en að gangast við sjálfum sér.

PVÍ er ég nú að velta þessu fyrir mér að nýlega flutti formaður Samfylkingarinnar flokksmönnum sínum ávarp sem töluvert áræði þurfti til að flytja, ávarp sem að nokkru leyti einkenndist af gagnrýninni sjálfsskoðun. Þar gerðust þau undur og stórmerki að íslenskur stjórnmálaflokkur reyndi að gangast við vandamálum sínum í stað þess að kenna ímynduðu „einelti“ um þau, eins og aðrir stjórnmálaflokkar gera um þessar mundir.

ÞAÐ kom mér hins vegar ekki á óvart að heyra Sjálfstæðismenn hæða þennan kjark, enda myndu þeir lenda í miklum vandræðum ef sjálfsgagnrýni yrði lenska í hendlendi pólitík og þeir þyrftu að leika þetta eftir. Nýleg yfirlýsing formanns Sjálfstæðisflokksins um að „heppilegra“ hefði verið að míga ekki á stjórnarskrá lýðveldisins þegar innrásin í Írak var studd á forsendum sem ekki dugðu ríkisstjórn neins siðaðs ríkis í heiminum til að vera sama sinnis, er nefnilega það sem kemst næst því að flokkast undir einhvers konar sjálfsgagnrýni þar á bæ.

www.icelandexpress.is/gjafabref

Jólagjöf sem veitir góðar minningar

Jólagjafabréf Iceland Express slær alltaf í gegn!

» Vantar þig jólagjöf handa einhverjum sem á allt, en þig langar samt að gleðja sérstaklega mikið?

Jólagjafabréf Iceland Express er skemmtileg gjöf sem veitir þeim sem þér er annst um loforð um góðar minningar og gefur spennandi fyrirheit á nýju ári. Kostirnir eru ótvíræðir:

Viðtakandinn getur látið drauma sína rætast og ráðið sjálfur hvert hann fer – til London, Parísar, Kaupmannahafnar, Berlínar, Billund, Stokkhólms, Alicante, Frankfurt Hahn, Gautaborgar, Óslóar, Friedrichshafen, Eindhoven eða Basel.

Bókaðu vel heppnaða jólagjöf á www.icelandexpress.is



Innifaldar í gjafabréfinu eru flugferðir báðar leiðir með sköttum til eins af 14 áfangastöðum Iceland Express. Bókunartímabil jólagjafabréfsins er frá 26. desember til 1. febrúar 2006 og eftir það gildir gjafabréfið sem inneign í tvö ár. Jólagjafabréfið gildir í flug á tímabilinu 15. janúar til 1. júlí 2006. Sætaframboð er takmarkað.

» Jólagjafabréf:

19.900 kr.

Báðar leiðir með sköttum

Iceland Express, Grimsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

www.icelandexpress.is



LANG MESTA

ÚRVAL

LANDSINS


AF STJÖRNUSJÓNAUKUM



CELESTRON
FirstScope 114
114mm speglisjónauki
Verð: 24.900 kr.



CELESTRON
NexStar 114 SLT
Tölvustýrður stjórnsjónauki
Verð: 39.990 kr.



CELESTRON
StarHopper 6
150mm speglisjónauki
Verð: 39.900 kr.



ORMSSON

SMÁRALIND · WWW.ORMSSON.IS

Fjöldi aukahluta fyrir alla stjórnsjónauka á frábæru verði.